





**Umsjón:** Þórey S. Þórðardóttir

**Umbrot, myndvinnsla og hönnun:** Ingibjörg Berglind Guðmundsdóttir

**Kápu mynd:** Stóru ræð

# Efnisyfirlit

|                                                     |    |
|-----------------------------------------------------|----|
| Ávarp stjórnarformanns .....                        | 4  |
| Stjórn og starfsfólk .....                          | 10 |
| Landssamtök lífeyrissjóða .....                     | 14 |
| Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....      | 16 |
| Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2024 .....    | 18 |
| Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2024 .....  | 22 |
| Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða .....      | 24 |
| SAMSKIPTANEFND .....                                | 26 |
| NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA .....  | 41 |
| RÉTTINDANEFND .....                                 | 44 |
| FRÆÐSLUNEFND .....                                  | 54 |
| ÁHÆTTUNEFND .....                                   | 61 |
| Staðan og helstu áskoranir .....                    | 65 |
| PRICE – Rannsóknastofnun lífeyrismála .....         | 69 |
| Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd ..... | 71 |
| Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira .....        | 76 |



## Ávarp stjórnarformanns

Árið 2024 var lífeyrissjóðum hagfelld þegar horft er til afkomu þeirra. Það horfði samt ekki vel á fyrstu vikum ársins en svo tóku markaðir við sér og okkur létti. Við höfðum vissulega upplifað óvænta ávöxtunardýfu á alþjóðlegum fjármálamörkuðum í lok árs 2023. Reyndar var ástandið þannig að í sumum lífeyrissjóðum var vinna lögð í að meta og kanna hvort rétt væri að færa sig úr hlutabréfum yfir í skuldabréf. Þeim áformum var ekki hrint í framkvæmd og þegar upp var staðið var árið 2024 ekki sveiflukennt að þessu leyti. Þökk sé hlutabréfum varð 2024 að því ágætisári í afkomu sem raun ber vitni.

Raunávöxtun eigna lífeyrissjóðanna var að meðaltali 6,5% á árinu 2024 samkvæmt áætlun Landssamtaka lífeyrissjóða. Þegar litið er til meðaltalsávöxtunar til langs tíma, sem mestu máli skiptir, var hún um 4% undanfarin tíu ár og 2,7% undanfarin fimm ár.


Heildareignir lífeyrissjóðakerfisins námu í lok árs 2024 alls 8.248 milljörðum króna en námu 7.287 milljörðum króna í lok árs 2023. Góð ávöxtun erlendra eigna skýrir að verulegu leyti aukninguna. Um 40% heildareigna lífeyrissjóða eru ávaxtaðar erlendis og um 55% innlendra eigna voru markaðsskráð verðbréf.

Nefna má í framhjálaupi að lífeyrissjóðum landsmanna fækkaði um einn þegar samþykkt var að sameina Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Brú lífeyrissjóð. Frá og með ársbyrjun 2025 heldur Brú lífeyrissjóður utan um rekstur, eignir, skuldir og skuldbindingar fyrrum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar í sérstakri deild.

Lífeyrissjóðir landsmanna eru nú tuttugu talsins. Rifjum þá upp að fyrir fáeinum áratugum var oft talað um að lífeyrissjóðir væru of margir og að þeim yrði að fækka. Þeir voru 96 árið 1980 en nú, 45 árum síðar, hefur þeim fækkað verulega og í öllum tilvikum að eigin frumkvæði. Enn frekari fækkun sjóðanna er í farvatninu á árinu 2025 og má þar sem dæmi nefna að allt stefnir í farsæla sameiningu Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar og Brúar lífeyrissjóðs.


Endurskoðað og breytt endurhæfingar- og örorkulífeyriskerfi almannatrygginga tekur gildi 1. september næstkomandi, eftir einungis einn ársfjórðung. Samt er enn ekki ljós útfærsla er við kemur samspiли þeirra breytinga við greiðslur örorkulífeyris lífeyrissjóða og verður að teljast

## Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða



Áætluð ávöxtun fyrir árið 2024 • Heimild: Seðlabanki Íslands

## Raunávöxtun lífeyrissjóða • 5 og 10 ára meðalávöxtun



Fyrir árið 2024 er notast við áætlaða ársávöxtun, 6,5%.  
Heimild: Seðlabanki Íslands



Það mál sem í augnablikinu er efst á baugi í samskiptum lífeyrissjóðakerfisins og ríkisvaldsins. Augljóst má öllum vera að breytingar í þessu kerfi almannatrygginga kalla á breytingar í sama málaflokki í lífeyrissjóðakerfinu. Fá verður botn í fyrirkomulag víxlverkunar í greiðslum almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar. Til mikils er unnið að ná þar samkomulagi. Þarna þarf að stíga varlega til jarðar til að komast hjá því að leysa einn hnút en búa um leið til annan eða fleiri nýja hnúta til framtíðar. Við blasir að umræddar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni munu auka verulega greiðslur úr almannatryggingakerfinu og ef samið er á sama tíma um hækkun á örorkulífeyrisgreiðslum lífeyrissjóða mun það draga úr styrk sjóðanna til að sinna því höfuðhlutverki sínu að greiða sjóðfélögum eftirlaun. Því er mikilvægt að ríkissjóður auki við framlög til jöfnunar á örorkubyrði sjóðanna. Ella gætu boðaðar breytingar aukið vantrú og veikt samstöðu í samfélaginu um hið skyldubundna lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Afleiðingarnar gætu þannig orðið verulegar og ófyrirsjáanlegar til lengri tíma lítið. Óhjákvæmilegt er að nefna í þessu samhengi að í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir

því að fella niður framlög ríkisins til að jafna stöðu lífeyrissjóða gagnvart örorkugreiðslum. Byrðar sjóðanna eru mjög mispungar og hugmyndir um að hætta að greiða þeim jöfnunarframlag eru afar misráðnar, ranglátar og í raun fráleitar. Lífeyrissjóðir með þyngstu örorkubyrðarnar ættu þvert á móti að fá aukið jöfnunarframlag í framhaldi af þeim breytingum sem eru skammt handan við hornið.

Víkur þá sögu að hörðum hnúti í samskiptum ríkis og lífeyrissjóða sem er í þann veginn að leysast farsællega. Deilan um örlög ÍL-sjóðsins var fyrirferðarmikil í ávarpi mínu á ársfundi Landssamtaka lífeyrissjóða 2024 enda málið í uppnámi sem fyrr. Þetta var eitt stærsta deiluefnið í samskiptum við ríkið um árábil og gekk á ýmsu. Fjármála- og efnahagsráðherra nýrrar ríkisstjórnar erfði málið frá fyrirrennrum sínum og gekk í það verk snemma árs 2025 að reyna að ná samkomulagi sem forystusveitir lífeyrissjóða höfðu lengi kallað eftir. Við sögðum allan tímann hátt og skýrt og vorum aldrei til viðtals um neitt annað: Ríkisvaldið verður að efna skuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðum og gera upp við kröfuhafa sína. Samningar skulu standa.

Fjármála- og efnahagsráðherra beitti sér fyrir því að óska í frumvarpi til fjáráukalaga eftir heimild til að gefa út ríkisskuldabréf að hámarki 510 milljarða króna vegna fyrirhugaðs uppgjörs á skuldbindingum ÍL-sjóðs. Þannig yrði stefnt að því að slíta sjóðnum og gera upp áhvílandi ríkisábyrgðir. Við höfðum lengi vænst þess að þrætunni lyktaði með samningum sem lífeyrissjóðir gætu unað vel við og fögnum áfanganum heils hugar.

Annar hnútur en af allt öðrum toga leystist líka en þar kom Hæstiréttur Íslands til skjalanna. Rakin voru efnisatriði málsins í ávarpi formanns fyrir einu ári, nefnilega þau að ekki ríkti sameiginlegur skilningur meðal tryggingastærðfræðinga um hvernig lífeyrissjóðir skyldu breyta samþykktum sínum í samræmi við nýjar töflur um lífslíkur. Lífeyrissjóðir skiptust í tvær fylkingar og valdi hvor sína útfærslu samþykktabreytinga samkvæmt mismunandi ráðleggingum tryggingafræðinga sinna. Fjármála- og efnahagsráðuneytið samþykkti báðar útfærslur en eftir að Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi útfærslu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á samþykktum sínum ólöglegar var málinu áfrýjað og það fékk flýtimeðferð í Hæstarétti. Dómur Hæstaréttar var einróma og þar

með fengust skýrar línur. Réttaróvissu var eytt og fyrir lífeyrissjóðakerfið var það gott og gleðilegt að fá svo skýra og afdráttarlausu niðurstöðu.

Seðlabankinn bauð okkur og fleirum upp í umræðudans með því að birta í nóvember skýrslu um umsvif og starfsemi lífeyrissjóða. Útgáfunni var fylgt eftir með samkomu í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík þar sem skýrsluhöfundar og

fleiri fulltrúar bankans kynntu „umræðuskýrsluna“, sem þeir nefndu plaggið, og kölluðu eftir fyrstu viðbrögðum.

Skýrslan er ágætlega unnin og þar eru viðruð sjónarmið og dregnar ályktanir. Ýmislegt er þarna að finna sem er til bóta og við getum sameinast um. Skiptar skoðanir eru hins vegar um önnur tiltekin atriði. Það vissi Seðlabankafólk fyrir fram en segir að tilgangurinn

hafi einmitt verið sá að stuðla að hreinskiptum og efnisríkum umræðum.


Strax bentu forystumenn úr samtökum atvinnurekenda og launafólks á að Seðlabankinn virtist vilja seilast að einhverju leyti inn á svið lífeyrissjóðakerfisins og baklands þess. Á slíkt yrði ekki fallist.

Sérfræðingar lífeyrissjóða og Seðlabankans hafa í vetur hist og rætt efnisatriði skýrslunnar, bæði þau sem samhljómur er um og önnur sem menn eru og verða trúlega ósammála um ef að líkum lætur.

Orð eru hins vegar til alls fyrst og víst er að Seðlabankanum tókst það ætlunarverk sitt að stofna til meiri og markvissari efnisumræðna um málefni lífeyrissjóða en gerst hefði ef umræðuskýrslan hefði aldrei verið skrifuð og birt.

Nú skal að gefnu tilefni víkja í fáeinum orðum að innviðafjárfestingum og mögulegri aðkomu lífeyrissjóða. Þetta „gefna tilefni“ er útvarpsviðtal við Krístrúnu Frostadóttur forsætisráðherra á dögnum þar sem hún tók efnislega svo til orða að „samtal þyrfti að eiga sér stað við fulltrúa lífeyrissjóða og aðra fjárfesta um innviðafjárfestingar.“

## Eignir lífeyrissjóða



Um þetta skal eftirfarandi sagt:

Lífeyrissjóðir hafa látið „verkin tala“ í þessum efnum. Nægir að minna á aðkomu þeirra að fjárfestingum í Hvalfjarðargöngum fyrir nær þremur áratugum og sameiginlega viljayfirlýsingu tuttugu lífeyrissjóða og þáverandi ríkisstjórnar um að hefja samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýjan Landspítala við Hringbraut. Sú yfirlýsing var undirrituð síðla árs 2009.

Ekkert varð hins vegar úr samstarfi um spítalann því stjórnvöld ákváðu að fara aðra leið en viðhorf lífeyrissjóðanna voru skýr og eru enn.

Það er fagnaðarefni að ríkisstjórnin sýni innviðafjárfestingum áhuga og vilji láta „verkin tala“ líka á því sviði.

Verkefnin skortir ekki, tækifærin eru til staðar og ekki stendur á lífeyrissjóðunum. Það hafa þeir sýnt og sannað í orði og verki.

Fyrsta heila starfsár Rannsóknarstofnunar á sviði lífeyrismála – PRICE var 2024. Stofnunin fer vel af stað og sýnir og sannar að það var gæfuspor hjá Landssamtökum lífeyrissjóða að eiga þátt í því að koma henni á laggir. Þarna skapast fræðasamfélag og samstarfsvettvangur sem styrkir rannsóknir og

þróunarstarf á því sviði sem við störfum á. Sjóndeildarhringur okkar stækkar strax með áhugaverðum heimsóknum fyrirlesara sem fjalla um margvísleg en ólík viðfangsefni sem öll varða það sem við fáumst við og höfum þörf fyrir að vita meira um. Má sem dæmi nefna fyrirlestra um dreifingu auðs og ójöfnuð í veröldinni, um lífeyriskerfin í Eystrasaltsríkjum og í Póllandi, um framtíðarhorfur innflytjenda á Íslandi og um áhrif barneigna á sparnað.

Talandi um rannsóknir og þróunarstarf þá skal það nefnt að í sveit sérfræðinga lífeyrissjóðakerfisins er rætt um nauðsyn þess að styrkja gagnagrunn þess svo fyrir hendi séu ábyggilegar forsendur til að byggja á ýmsar ákvarðanir er varða lífeyrismál og lífeyrissjóðakerfið. Okkur skortir til að mynda alfarið yfirlit varðandi réttindi fólks í séreignarhluta kerfisins. Jafnframt er það svo að þeir sem eiga réttindi í tveimur sjóðum eru tvítaldir í gögnum og þeir sem eiga réttindi í fjórum sjóðum eru fjórtaldir, o.s.frv.

Með öðrum orðum vantar heillegt heildaryfirlit til að fá gleggri og nákvæmari sýn yfir lífeyrisréttindi landsmanna. Slík yfirsýn er forsenda farsælla ákvarðana varðandi breytingar á kerfinu.

Einhverjir kynnu nú að telja að allt þetta hljóti að liggja fyrir í hagtölum hins opinbera en svo er ekki. Vitað er til dæmis um að fjöldi kvenna er af ýmsum ástæðum með gloppótta réttindaávinnslu í lífeyriskerfinu en okkur skortir frekari upplýsingar um umfangið og nákvæma greiningu málsins. Þéttari gagnagrunnur skapar forsendur sem lítt eða ekki eru til staðar nú fyrir rannsóknir á vegum stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og annarra sem láta sig kerfið varða.

Eina býsna stóra upplýsingagloppu ber til viðbótar að nefna. Sú varðar erlent vinnuafl á Íslandi og er sannarlega þjóðhagslegt stórmál. Fólk kemur að utan til starfa hér og skráir sig inn í landið en svo er allur gangur á að það skrái sig út úr landinu ef og þegar það fer. Þannig gæti það gerst að þeir sem fluttir eru af landi brott haldi áfram að vinna sér inn réttindi á Íslandi en hvorki búi né starfi hér lengur. Þeir sem þetta á við ávinna sér þannig réttindi í almannatryggingakerfinu á Íslandi úr fjarlægð! Okkur skortir yfirsýn og upplýsingar um málið og umfang þess en eins og fyrri daginn er auðveldara um að tala en í að komast. Innan lífeyrissjóðakerfisins hefur jafnframt reynst örðugt að hafa upp á sjóðfélögum sem flutt hafa af landi

brott. Hér er því af ýmsu að taka og þarf í raun og veru samfélagslegt átak til úrbóta og þar þurfa margir að sameina krafta sína, ekki aðeins Þjóðskrá Íslands, Hagstofan og Tryggingastofnun, allt stofnanir sem málið varðar beinlínis.

Lífeyrissjóðakerfið okkar státar af úrvals sérfræðingum og starfsfólki á öllum sviðum. Viðfangsefnin skortir ekki frá degi til dags. Kerfið okkar er öflugt og í fremstu röð. Í könnunum

ráðgjafarfyrirtækisins Mercer og samtakanna CFA Institute hefur lífeyriskerfið á Íslandi verið ár eftir ár í fyrsta eða öðru sæti í samanburði lífeyriskerfa í 47 ríkjum um víða veröld.

Þetta er orðin svo venjuleg frétt að hún er nefnd hér við lok þessa ávarps en ekki framar þar sem hún hefði allt eins átt heima. Auðvitað er langt í frá sjálfsagt að við séum þarna á toppnum eða fast við toppinn en sýnir og sannar að engin tilviljun er að til Íslands sé horft þegar fjallað er um þætti

í lífeyrismálum sem betur mega fara í ríkjum nær eða fjær.

Stjórnarmönnum, stjórnendum, starfsfólki og starfsnefndum samtakanna eru færðar bestu þakkir og öllum þeim öðrum sem sinntu verkefnum og starfsemi lífeyrissjóðakerfisins og Landssamtaka lífeyrissjóða á starfsárinu.

**Jón Ólafur Halldórsson**

# Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum.

Stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Starfandi uppstillingarnefnd gerir tillögur til aðalfundar um skipan stjórnar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir til fjögurra ára. Einn er tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign. Í nefndinni sitja Georg Páll Skúlason (ASÍ), Magnús Már Guðmundsson

(samtök starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga), Arnar Sigurmundsson (SA), Viðar Helgason (launagreiðendur ríkis og/eða sveitarfélaga) og Ásdís Eva Hannesdóttir (frá sjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign).

Samkvæmt samþykktum LL ber uppstillingarnefnd að hafa það markmið við tillögugerð sína að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að samtökunum. Fulltrúar í stjórn eiga að vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir aðalfund LL sem haldinn var 28. maí 2024.

Skipunartíma sex stjórnarmanna, Arnaldar Loftssonar, Auðar Kjartansdóttur, Hörpu Jónsdóttur, Ingibjargar Ólafsdóttur, Jóns Ólafs Halldórssonar og Valmundar Valmundssonar, var að ljúka og einnig Huldu Rósar Rúriksdóttur og Sigurbjörns Sigurbjörnssonar, varamanna. Þá hafði Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs, óskað lausnar frá stjórnarstörfum en hann átti eitt ár eftir af sínum kjörtíma. Voru þau Davíð Rúdólfsson, framkvæmdastjóri Gildis, Eyrún Jana Sigurðardóttir, stjórnarformaður Festu lífeyrissjóðs, og Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins, kjörin ný í stjórn LL í stað Arnaldar Loftssonar, Ingibjargar Ólafsdóttur og Gylfa Jónassonar. Sigríður Magnúsdóttir, stjórnarformaður í Almenna lífeyrissjóðnum, var kjörin varamaður í stað Huldu Rósu Rúriksdóttur frá Almenna lífeyrissjóðnum.





**Fimm aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til tveggja ára:**

Auður Kjartansdóttir

Harpa Jónsdóttir

Jón Ólafur Halldórsson

Ólafur Páll Gunnarsson

Valmundur Valmundsson

**Tveir aðalmenn voru kjörnir til eins árs:**

Davíð Rúdólfsson

Eyrún Jana Sigurðardóttir

**Aðrir stjórnarmenn:**

Elsa Björg Pétursdóttir

Jakob Tryggvason

**Tveir varamenn voru kjörnir til tveggja ára:**

Sigríður Magnúsdóttir

Sigurbjörn Sigurbjörnsson

**Aðrir varamenn:**

Una Eyþórsdóttir



**Efri röð f.v.: Eyrún Jana Sigurðardóttir, Elsa Björg Pétursdóttir, Jakob Tryggvason, Una Eypórsdóttir, Davíð Rúðólfsson og Sigríður Magnúsdóttir. Fremri röð f.v.: Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Jón Ólafur Halldórsson, formaður, og Harpa Jónsdóttir, varaformaður.**

Í kjölfar aðalfundar LL var haldinn stjórnarfundur þar sem ný stjórn LL kom saman og skipti með sér verkum. Voru þau endurkjörin einróma, Jón Ólafur Halldórsson sem formaður og Harpa Jónsdóttir varaformaður.



**Þórey S. Þórðardóttir**  
framkvæmdastjóri LL



**Helga Rún Guðjónsdóttir**  
sérfræðingur



**Vilborg Guðnadóttir**  
verkefnastjóri



**Stefán Halldórsson**  
verkefnastjóri

### **Starfsmenn**


Framkvæmdastjóri Landssamtakanna er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Helga Rún Guðjónsdóttir, sérfræðingur, Vilborg Guðnadóttir, verkefnastjóri, og Stefán Halldórsson sem hefur undanfarin ár starfað fyrir samtökin í hlutastarfi sem sérfræðingur að ýmsum verkefnum.

# Landssamtök lífeyrissjóða

Landssamtök lífeyrissjóða eru heildarsamtök lífeyrissjóða sem hlotið hafa starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða eða starfa samkvæmt sérlægum um lífeyrissjóði. Grundvöllur núverandi lífeyrissjóðakerfis má rekja aftur til ársins 1969 þegar samið var um það í allsherjar kjarasamningum á vinnumarkaði að setja upp atvinnutengda lífeyrissjóði með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun frá byrjun árs 1970. Fjölgaði lífeyrissjóðum í kjölfarið en á árinu 1980 voru þeir tæplega 100. Á undanförunum árum hefur þeim svo fækkað verulega með sameiningum og voru 20 talsins í upphafi ársins 2025. Enn frekari sameiningar eru í aðsigi og má þess því vænta að þeim fari fækkandi á árinu.

## Fjöldi lífeyrissjóða á Íslandi

Frá árinu 1980 til 2025



# Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða

Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:



Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.



Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.



Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.



Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.



Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.



Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.



Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.




# Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

## Lífeyrissjóður

## Hrein eign 31.12.2023

## % af heildareignum

|                                                 |                      |             |
|-------------------------------------------------|----------------------|-------------|
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins             | 1.405.194.628        | 19,3%       |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna                   | 1.287.520.903        | 17,7%       |
| Gildi – lífeyrissjóður                          | 991.891.689          | 13,6%       |
| Birta lífeyrissjóður                            | 623.781.956          | 8,6%        |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn                       | 454.508.913          | 6,2%        |
| Almenni lífeyrissjóðurinn                       | 415.175.038          | 5,7%        |
| Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga    | 393.159.380          | 5,4%        |
| Stapi lífeyrissjóður                            | 379.237.685          | 5,2%        |
| Festa – lífeyrissjóður                          | 280.213.914          | 3,9%        |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda                 | 264.974.715          | 3,6%        |
| Lífsverk lífeyrissjóður                         | 167.758.175          | 2,3%        |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn                      | 159.956.243          | 2,2%        |
| Lífeyrissjóður bankamanna                       | 110.477.059          | 1,5%        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar    | 91.622.025           | 1,3%        |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja                    | 89.284.180           | 1,2%        |
| Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna EFÍA          | 60.695.593           | 0,8%        |
| Lífeyrissjóður bænda                            | 42.773.601           | 0,6%        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands | 24.360.197           | 0,3%        |
| Lífeyrissjóður Rangæinga                        | 20.401.799           | 0,3%        |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar       | 14.029.578           | 0,2%        |
|                                                 | <b>7.277.017.271</b> | <b>100%</b> |



# Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins

## Ávöxtun og eignir við árslok 2024



Eignir lífeyrissjóða

**8.248 ma.kr**



Raunávöxtun lífeyrissjóða

**6,5%**

## Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2023



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga

**236.350**



Fjöldi lífeyrisþega (67+)

**53.274**



Iðgjöld

**374 ma.kr.**



Lífeyrir

**273 ma.kr.**

Heimild: Nýjasta birta samantekt SÍ úr ársreikningum lífeyrisjóða, árið 2023.



# Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2024

Landssamtök lífeyrissjóða héldu aðalfund á Grand hóteli þann 28. maí 2024. Fundinum var einnig streymt en atkvæði voru einungis greidd á staðnum.

Jón Ólafur Halldórsson formaður setti fundinn. Árni Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Gildis, var kjörinn fundarstjóri og Ásta Ásgeirsdóttir, hagfræðingur hjá LL, kjörin fundarritari.

## Skýrsla stjórnar

Jón Ólafur Halldórsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starfsemina á liðnu starfsári.

■

Í máli hans kom meðal annars eftirfarandi fram:

„*Rekstrarumhverfi lífeyrissjóða var erfitt á árinu 2023, hvort sem litið er til innlendra eða erlendra fjármálamarkaða. Sveiflukennt ástand einkenndist af mikilli verðbólgu með tilheyrandi áhrifum á skuldbindingar sjóðanna.*

*Útlitið var sérlega slæmt á fyrri hluta ársins og má ýkjulaust tala um martraðarástand í því sambandi. Þegar á heildina var litið skiluðu hlutabréf lakari ávöxtun og kom til tals hjá einhverjum sjóðum að breyta fjárfestingarstefnu sinni og auka við hluta skuldabréfa og minnka vægi hlutabréfa.*

*Þess sáust merki að þeirri stefnubreytingu yrði hrint í framkvæmd en ástandið lagaðist blessunarlega á lokafjórðungi ársins og ávöxtunartölur þar með. Þar ber að nefna sérstaklega jákvæða þróun á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum.*

*Þegar allt árið var gert upp var niðurstaðan sú að raunávöxtun eigna íslenskra lífeyrissjóða var jákvæð um hálft prósent, sem jafngildir um 8,5% nafnávöxtun í 8% verðbólgu.“*

Jón Ólafur greindi frá því að meðalraunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða undanfarin fimm ár hafi verið 3,8% og til tíu ára 4,1% og því umfram ávöxtunarviðmiðið 3,5%. Þá hafi eignir lífeyrissjóðakerfisins numið 7.287 milljörðum króna

í lok árs 2023. Fram kom að árið 2024 færi mun betur af stað en árið 2023 og ávöxtun eigna á fyrstu mánuðum hefði verið góð.

Einnig fór Jón Ólafur yfir ýmis málefni sem voru á dagskrá LL á árinu 2024. Má þar m.a. nefna:

- Nýjar töflur um lífslíkur þjóðarinnar voru innleiddar hjá lífeyrissjóðum. Markmiðið var að stuðla að því að eignir sjóðanna stæðu undir eftirlaunagreiðslum til framtíðar enda sjálfbærni kerfisins ekkert minna en undirstaða, forsenda og kjarninn í starfsemi sjóðanna.
- Málefni tengd Grindvíkingum og lífeyrissjóðum vegna lánamála voru býsna fyrirferðarmikið umfjöllunarefni á opinberum vettvangi eftir að Grindavíkurbær var rýmdur vegna náttúruhamfaranna á Reykjanesi. Viðskiptabankar felldu niður vexti og verðbætur af íbúðarlánum Grindvíkinga í tiltekinn tíma og sú ákvörðun þeirra var kynnt sem hluti af heildstæðri úrlausn fyrir íbúana, með aðkomu stjórnvalda. Þrýstingur skapaðist á lífeyrissjóði



að fara að dæmi bankanna með sjóðfélagalán sín en ítarleg lagaleg greining leiddi í ljós að sjóðunum er ekki heimilt að fella niður vexti og verðbætur sem hluta af almennri aðgerð án mats á stöðu einstakra lántakenda. Niðurstaðan varð sú að stjórnvöld ákváðu að ríkissjóður myndi greiða áfallna vexti og verðbætur til sex mánaða af fasteignalánum lífeyrissjóða í Grindavík.



Í lok ávarpsins þakkaði Jón Ólafur stjórnarmönnum og starfsfólki LL gott samstarf á starfsárinu ásamt öllum þeim sem tekið hafa þátt í störfum samtakanna.

### Ársreikningur

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings samtakanna fyrir árið 2023 og breytingar frá fyrra ári.

### Kjör stjórnar og varastjórnar

#### Fimm voru kjörnir aðalmenn til tveggja ára:

Auður Kjartansdóttir  
Harpa Jónsdóttir

Jón Ólafur Halldórsson  
Ólafur Páll Gunnarsson  
Valmundur Valmundsson

#### Aðalmenn til eins árs voru kjörnir:

Davíð Rúdólfsson  
Eyrún Jana Sigurðardóttir

Sigríður Magnúsdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson voru kjörin sem varamenn til tveggja ára.

### Kjör endurskoðunarfyrirtækis

Samþykkt var að KPMG Endurskoðun ehf. yrði áfram endurskoðunarfélag samtakanna.

### Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkti að þóknun til hvers stjórnarmanns skuli vera 129.500 kr. á mánuði, að þóknun varaformanns stjórnar verði 194.250 kr. á mánuði og þóknun til formanns stjórnar verði 259.000 kr. á mánuði. Þóknun til varamanna í stjórn verði 64.750 kr. fyrir hvern setinn fund.

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða samþykkti einnig að formenn fastanefnda samtakanna fái

greidda þóknun sem væru þeir aðalmenn í stjórn, 129.500 kr. á mánuði.

### Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 og ákvörðun um árgjald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun samtakanna árið 2024 sem stjórn hafði samþykkt.

Jafnframt gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tillögu um árgjald fyrir árið 2024 sem fól í sér hækkun um 20 milljónir kr. frá fyrra ári, úr 160 milljónum kr. í 180 milljónir kr. og að fast gjald á hvern aðildarsjóð yrði 450 þúsund kr. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### Breytingar á samþykktum

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, kynnti tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum en uppstillingarnefnd LL hafði komið þeim ábendingum á framfæri við stjórn LL að æskilegt væri að gera breytingar á 7. gr. samþykktanna til að ná fram því markmiði að auka enn frekar sveigjanleika við skipan stjórnarinnar. Breytingarnar vörðuðu hámarks setutíma stjórnarmanna, kynjahlutfall í stjórninni og að stjórnarmenn lífeyrissjóða kæmu úr röðum aðalmanna í stjórnnum lífeyrissjóða. Voru breytingarnar samþykktar samhljóða.



*Eftir breytingar er 1. mgr. 7. gr. svohljóðandi:*

„Stjórn samtakanna skal skipuð 9 mönnum og 3 til vara. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið. Stjórnarmaður skal að jafnaði ekki sitja lengur en tíu ár samfelldt sem aðalmaður í stjórn. Kjörgengi skapast á ný að tveimur árum liðnum“



**Svandís Rún Ríkharðsdóttir, Auður Kjartansdóttir**

*3. mgr. 7. gr. er eftir breytingar svohljóðandi:*

„Uppstillingarnefnd skal starfa í samræmi við starfsreglur sem settar eru af stjórn og staðfestar af aðalfundi. Skál uppstillingarnefnd við tillögugerð sína hafa það að markmiði að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Skulu fulltrúar í stjórn vera af báðum kynjum með sama hætti og gildir um skipan stjórna lífeyrissjóðs, sbr. 4. mgr. 29. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi



**Már Guðmundsson, Harpa Jónsdóttir**

lífeyrissjóða nr. 129/1997 og skulu þeir koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra aðildarsjóða og aðalmanna í stjórnnum þeirra, bæði fulltrúa launþega og atvinnurekenda. Skál rökstudd tillaga uppstillingarnefndar liggja fyrir eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund samtakanna.“

## Önnur mál

Einar Sveinbjörnsson kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir umræðu á komandi starfsári um samskipti lífeyrissjóða og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Hann ræddi um miðlun gagna og hvernig hægt væri að auka skilvirkni og þannig lækka eftirlitsgjald lífeyrissjóðanna til framtíðar. Beindi hann því til stjórnar LL að taka þetta mál upp í stjórn.

Samþykkt var að fundarritari gengi frá fundargerð í samvinnu við fundarstjóra utan fundar.

Eftir að formlegum fundarstörfum lauk flutti Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, erindi um nýstofnaða rannsóknarstofnun um lífeyrismál – PRICE – og fyrirhuguð verkefni hennar.



**Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Arnaldur Loftsson, fráfarandi stjórnarmaður, Ingibjörg Ólafsdóttir, fráfarandi stjórnarmaður, Gylfi Jónasson, fráfarandi varaformaður, Hulda Rós Rúriksdóttir, fráfarandi varamaður og Jón Ólafur Halldórsson, formaður stjórnar LL.**



**Gestir á aðalfundi**



# Yfirlit yfir starfsemi LL frá aðalfundi 2024

Afar fjölbreytt starfsemi fer fram á vegum Landssamtakanna. Þau beita sér í málum er varða lífeyrissjóðakerfið sem heild og skila umsögnum um margvísleg mál, m.a. til þingnefnda, ráðuneyta og fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Þá er leitað samráðs við samtökin vegna ýmissa málefna sem eru til umfjöllunar á hverjum tíma.

Fjölmargar fyrirspurnir berast samtökunum um fjölbreytt málefni og leitast starfsmenn LL við að svar þeim eftir bestu getu eða vísa á viðeigandi heimildir.

Starfsmenn lífeyrissjóða nýta vefinn Lífeyrismál.is mikið og koma reglulega með ábendingar til samtakanna ef þeir verða varir við atriði sem má bæta. LL eiga gott samstarf við starfsmenn lífeyrissjóða, m.a. í gegnum nefndastörf.

Stjórn LL hélt tvo fundi með varamönnum stjórnar og formönnum fastanefnda. Á fyrri fundinum, í nóvember 2024, var farið yfir hlutverk nefnda og helstu áform á starfsárinu en á síðari fundinum, í maí 2025, var farið yfir stöðu verkefna hverrar nefndar.

## Vinnu- og stefnumótunarfundur

Stefnumótunarfundur LL var haldinn á Hótel Hamri Borgarfirði 4. september 2024. Stjórn LL, starfsmenn og formenn fastanefnda tóku þátt í vinnustofu sem þar fór fram og fjallað var um forgangsriðun verkefna nefndanna.

Unnið var eftir svonefndri þjóðfundartilhögun þar sem hugmyndir einstaklinganna um mikilvægar og áriðandi áherslur í störfum nefndanna voru teknar til meðferðar, verkefni skilgreind í kjölfarið og síðan forgangsraðað með skipulegum hætti. Að auki voru skilgreindir helstu áhrifaþættir sem gætu tafið, flýtt fyrir eða verið nauðsynlegir til að vinna árangursríkt að verkefnum hverrar nefndar.

Nefndirnar geta því unnið á markvissan hátt samkvæmt áherslum og verkefnum sem stjórn og nefndaformenn unnu sameiginlega að því að móta. Stjórnin getur tekið áherslurnar og verkefnið fyrir á fundum sínum og óskað eftir kynningum eða samantektum um framkvæmd og niðurstöður.



Frá vinnu og stefnumótunarfundi



Tekið var á móti finnskum sérfræðingum sem vildu kynna sér íslenska lífeyrissjóðakerfið.

**Þrjú mikilvægustu verkefni hverrar nefndar voru sem hér segir:**

#### ÁHÆTTUNEFND

- Greina og stuðla að skilvirku og samræmdu verklagi og regluverki vegna sameiginlegrar áhættu.
- Betri skilvirkni og umgjörð vegna sjóðfélaga af erlendum uppruna eða sem búsettir eru erlendis.
- Stuðla að viðeigandi samræmdu og bættu verklagi um tryggingafræðilega úttekt.

#### NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISJÓÐA

- Efla samskipti við stjórnvöld til að ná nauðsynlegum breytingum á fjárfestingarheimildum með aðstoð utanaðkomandi aðila.
- Fagleg grunnvinna á fjárfestingarreglum til innleiðingar á skynsemisreglum.
- Vera faglegur álitsgjafi stjórnar varðandi fjárfestingaumhverfi – styrkja formleg samskipti við stjórnvöld.

#### FRÆÐSLUNEFND

- Nýta tæknina til að koma fræðslunni á framfæri.
- Efla fræðslu út á við.
- Efla fræðslu inn á við.

#### SAMSKIPTANEFND

- Styrkja rödd LL gagnvart haghöfum.
- Auka frumkvæði á grundvelli verkefnaáætlunar.
- Stuðla að jákvæðu viðhorfi og trausti til lífeyrissjóða.

#### RÉTTINDANEFND


- Samræma örorkumat með Tryggingastofnun ríkisins.
- Sinna erlendum sjóðfélögum betur.
- Nýta stafræna þróun innan sjóða og milli sjóða.



Myndir frá stefnumótafundi



Jón Ólafur Halldórsson



Ólafur Sigurðsson



Frá stefnumótafundi



## Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða



**Á vegum LL starfa fimm fastanefndir**, þ.e. nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, réttindanefnd, samskiptanefnd, fræðslunefnd og áhættunefnd. Mikið starf er unnið innan og á vegum fastanefndanna en ýmis fjölbreytt verkefni eru falin ýmsum undirhópum sem annast sérhæfð verkefni.



Formenn fastanefnda LL: Hildur Hörn Daðadóttir, Ólafur Sigurðsson, Rebekka Ólafsdóttir og Jóna Finndís Jónsdóttir.

## SAMSKIPTANEFND



### Helstu verkefni:

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðina.
- Annast samskipti við fjölmiðla og fjölmiðlavöktun.

### Sérstök verkefni 2024-2025:

- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Fylgjast með og styðja við greinaskrif.
- Rýna reglulega hvaða upplýsingum sjóðirnir eigi að koma á framfæri, t.d. með fréttabréfum LL.
- Auka samstarf við fræðslunefnd vegna ýmissa fræðslu- og kynningarmála.
- Halda málstofu um lífeyrismál í samstarfi við fræðslunefnd og Félag mannauðs.

### Nefndarmenn:

*Jón Ólafur Halldórsson*, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Aðalbjörn Sigurðsson*, Gildi – lífeyrissjóði  
*Arnaldur Loftsson*, Frjálsa lífeyrissjóðnum  
*Davíð Rúdólfsson*, Gildi – lífeyrissjóði  
*Gerður Guðjónsdóttir*, Brú lífeyrissjóði  
*Gunnar Baldvinsson*, Almenna lífeyrissjóðnum  
*Gylfi Jónasson*, Festu lífeyrissjóði  
*Harpa Jónsdóttir*, LSR  
*Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Kristinn Jón Arnarson*, LSR  
*Þórey S. Þórðardóttir*, LL

Á starfsárinu voru fastir fundir nefndarinnar fimm talsins en nefndin kemur jafnframt saman þegar þörf er talin á. Lögð hefur verið áhersla á að kalla til sérfræðinga hjá lífeyrissjóðunum sem þekkja til mála hverju sinni og hefur það reynst vel. Nefndin hefur einnig reynt að hvetja fulltrúa lífeyrissjóða til að hafa frumkvæði að greinaskrifum um málefni liðandi stundar.

### Helstu samskipta- og kynningarleiðir

Nefndin tekur fyrir helstu mál sem eru í deigluinni hverju sinni. Athygli er vakin á viðtölum og þeim greinum sem birst hafa og tengjast lífeyrismálum og metið hvort bregðast eigi við og með hvaða hætti. Á fundum nefndarinnar er upplýst um fyrirhuguð fræðsluerindi, enda starfar samskiptanefnd náð með fræðslunefnd LL.

#### *Samskipti fjárfesta og stjórna félaga*

Talsverð umræða hefur átt sér stað varðandi hvernig fulltrúar lífeyrissjóða beiti sér á hluthafafundum og hvert sé annars vegar hlutverk stjórnar fyrirtækja og hins vegar hluthafafundar. Var ákveðið að LL stæði fyrir málstofu um stjórnarhætti og þá einkum um hlutverk hluthafa í þeim efnum. Í samvinnu við nefnd um fjárfestingarumhverfi og fræðslunefnd var málstofa um málefnið haldin í janúar 2025. Sjá frekari umfjöllun í kafla um Málstofu um samskipti fjárfesta og stjórna félaga.

**OPIN MÁLSTOFA**  
27. NÓVEMBER KL. 9:00-11:30

**VERÐMÆTI LÍFEYRISRÉTTINDA**

Þorsteinn Viglundsson, forstjóri Eignarhaldsfélagsins Hornsteins

Eléey S. Þórháðadóttir, Landssamtök lífeyrissjóða

Hildur Héra Óðadóttir, Lífeyrissjóður verðunarmanna

**Reynslusögur:**  
Brynja Gröndal, Arion banki  
Anna Rós Ívarsdóttir, VÍS  
Sveinberg Höfliðadóttir, BYKO  
Bergún L. Sigurjónsdóttir, Vinnueftirlitið

Fundarstjóri: Snædis Ögn Flosadóttir, forstöðumaður hjá Arion banka

STADUR: Grand Hótel Reykjavík

Mannauður  
Félag mannaubfólks á Íslandi

LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISJÓÐA

**Málstofan var haldin í samstarfi samskiptanefndar og fræðslunefndar**

### *Umfangsmiklar breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga*

Gert er ráð fyrir upptöku á samþættu sérfræðimati við mat á orkutapi. Fulltrúar frá TR og félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu gerðu grein fyrir hugmyndafræði og uppbyggingu matsins. Mikilvægt er að rýna og meta hvaða breytinga sé þörf samhliða á örorkulífeyriskerfi lífeyrissjóða.

### *Erlendir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar*

Nokkur umræða hefur farið fram á fundum nefndarinnar um neytendavernd þegar kemur að vörsluaðilum séreignar þar sem hluti frádráttarbærs iðgjalds frá skattstofni er nýttur til greiðslu þóknunar. Fundað var með fulltrúum Neytendastofu þar sem farið var yfir málið en nokkuð óljóst þykir hvort lögmætt sé að nýta slíkt iðgjald í þóknunir. Hafa fulltrúar lífeyrissjóða ritað greinar bæði í Viðskiptablaðið og Morgunblaðið. Þykir mikilvægt að sjóðfélagar fái réttar og skýrar upplýsingar um það hvernig málum sé háttað.

### *Fjármögnun og uppbygging innviðafjárfestinga*

Talsvert hefur verið rætt um innviðafjárfestingar og með hvaða hætti lífeyrissjóðir geti komið að fjármögnun slíkra verkefna. Ljóst er að stjórnvöld þurfa að stíga fram og móta skýra framtíðarsýn á málaflokkinn.

*Umræðuskýrsla Seðlabanka Íslands um lífeyrissjóði* Seðlabankinn birti í október 2024 „umræðuskýrslu“ um starfsemi og umsvif lífeyrissjóða. Skýrslan var rædd í nefndinni en afar jákvætt þykir og lofsvert að fá frá Seðlabankanum skýrslu um umsvif og starfsemi lífeyrissjóða, einkum í ljósi þess að yfirlýst markmið bankans er að skapa þannig umræðu. Sjá nánari upplýsingar í kafla um Umræðuskýrslu Seðlabanka Íslands – Áhugaverð skoðanaskipti.

### **Greinaskrif**

Á starfsárinu skrifuðu sérfræðingar lífeyrissjóðanna nokkrar greinar. Atli Rúnar Halldórsson, blaðamaður og rithöfundur, er sem fyrr til aðstoðar við greinaskrif sé eftir því leitað. Hér að neðan eru nokkrar greinar tilteknaðar sem birst hafa á starfsárinu en ekki er um tæmandi lista að ræða.

Talsvert var ritað um samspil lífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða en miklar breytingar eru í farvatninu er varða örorkulífeyri almannatrygginga.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, ritaði grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. október sem bar yfirskriftina *Hollur er sá sem hlífir*.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, ritaði grein í Áramót, blað Viðskiptablaðsins og Frjálsrar verslunar: *Lífeyrissjóðakerfið er fjöregg*. Þar fór hún yfir helstu mál er vörðuðu lífeyrissjóðakerfið á árinu og mikilvægi þess að stjórnvöld á hverjum tíma sýni í orði og verki ríka ábyrgð gagnvart lífeyrissjóðakerfinu og stuðli að farsælli þróun þessa fjöreggs þjóðarinnar.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, ritaði grein sem birtist í Viðskiptablaðinu í desember 2024: *Seðlabankinn þjófstartar umræðu*. Þar skrifar hann um umræðuskýrslu SÍ sem kom út í október þar sem hann fer yfir nokkrar ábendingar í skýrslunni sem séu sumar góðar og aðrar síðri.

Einnig skrifaði Gunnar grein um erlenda vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem birtist í Viðskiptablaðinu í janúar 2025: *Íslenska séreignin leggur þýska stálið*.

Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins, skrifaði einnig grein um erlenda vörsluaðila sem birtist í Morgunblaðinu í febrúar 2025: *Þóknunir erlendra vörsluaðila*.



Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri LSR, ritaði greinar sem birtust í Innherja Vísis í október 2024 þar sem hún fór yfir eignarrétt sjóðfélaga og jafnræði í kjölfar viðbragða lífeyrissjóða við nýjum lífslíkum sem samþykktar voru af fjármála- og efnahagsráðherra.

Magnús Helgason, forstöðu áhættustýringar hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, tók undir með Hörpu í grein sem birtist á Vísi í október 2024. *Við lifum lengur – Jákvæð áskorun fyrir lífeyrissjóði.*

Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, vann í samstarfi við Viðskiptablaðið í janúar 2025 að greiningu á eignarhaldi stærstu fyrirtækja á lista yfir 500 stærstu í riti Frjálsrar verslunar. Greiningin fékk talsverða umfjöllun fjölmiðla.

Ólafur Sigurðsson ritaði grein í tímarit Frjálsrar verslunar í apríl 2025 þar sem hann m.a. telur að viðhorf til hagnaðar og arðsemi þurfi að breytast í samfélaginu ef byggja eigi upp kraftmikið atvinnulíf sem skapi verðmæti og vel launuð störf. *Er eitthvert viðskiptalíf í 500 stærstu?*

## Almanak


Landssamtökin gáfu út almanak fyrir árið 2025, eins og síðustu ár. Almanakið nýtur mikilla vinsælda meðal starfsmanna lífeyrissjóða og er því jafnframt dreift til stéttarféлага. Þemað í dagatalinu eru tölulegar upplýsingar úr lífeyrissjóðakerfinu og sá starfsfólk LL um að útfæra talnagögn í samstarfi við hönnuðinn, Þórhall Kristjánsson hjá Effekt, líkt og undanfarin ár.

## Lífeyrismál.is

Heimsóknir á heimasíðu LL, Lífeyrismál.is, hafa aukist ár frá ári og fjölgaði þeim um rúmlega 9% frá fyrra ári. Sérstaklega jákvætt er að sjá þá aukningu sem hefur orðið á heimsóknum á erlenda hluta síðunnar en þar varð aukning um 23% á enska hlutann og 17% á þann pólska. Meðal vinsælustu undirsíðna vefsins er Spurt og svarað en þar er að finna svör við algengum spurningum á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.

## Mánaðarpóstar

LL miðla reglulega upplýsingum til starfsmanna og stjórnarmanna lífeyrissjóða um áhugaverð málefni með því að senda út mánaðarpósta. Vakin er athygli á fræðsluerindum og því sem helst er á döfinni hverju sinni.





## Mánaðarpóstar LL · 2024–2025

Alls voru sendir út 16 mánaðarpóstar á starfsárinu.



UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**Verðmæti lífeyrisréttinda og starfslok**

Landssamtök lífeyrisjóða, í samstarfi við Mannauð – Félag mannaúðsfólks á Íslandi, stóðu að málstofu um verðmæti lífeyrisjóðsréttinda með áherslu á skipulag starfsloka. Það er mikilvægt að þau sem sjá um ráðningar, og koma að mannauðsmálum almennt, búi yfir góðri þekkingu og geti miðlað henni áfram til starfsfólks.



UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**LL standa fyrir kynningarfundum á DORA reglugerðinni - 30. september á Hótel Reykjavík Grand, kl. 9:30 - 11:30**

Í stuttu máli kveður reglugerðin á um að aðilar á fjármálamarkaði skuli haga starfsemi sinni þannig að virk og viðeigandi áhættustýring tengd notkun net- og upplýsingatæknipjónustu sé viðhöfð í því skyni að **stuðla að öflugum stafrænum viðnámsþrótti og lágmarka rof á mikilvægri þjónustu.**



UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**Notkun gervigreindar á fjármálamarkaði**

Félag íslenskra tryggingastaerðfræðinga býður til opins fundar, þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 8:30–10:00, um notkun gervigreindar á fjármálamarkaði.





## Fréttabréf

Á árinu voru send út 9 fréttabréf sem náðu til um fjögur þúsund áskrifenda. Með útsendingu fréttabréfanna er vakin athygli á greinum, ráðstefnum, fyrirlestrum og öðru sem höfðar til þeirra sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Einnig eru sendar út fréttir sem fjalla um hagtölur lífeyrissjóða, þar á meðal eignir þeirra og þróun ávöxtunar.

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAD LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL

  
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**Raunávöxtun lífeyrissjóða jákvæð á liðnu ári**

Samkvæmt áætlun Landssamtaka lífeyrissjóða var raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2024 bæði fyrir samtryggingu og séreign jákvæð um 6,5%.

[Skoðaðu frétt](#)

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAD LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL

  
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**Íslenska lífeyriskerfið áfram í úrvælsdeild**

Á stjórnarfundum sem haldinn var í gær í kjölfar aðalfundar LL var Jón Ólafur Halldóresson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna, endurkjörinn formaður. Í ávarpi hans á aðalfundinum kom m.a. fram að Íslenska lífeyriskerfið skipaði sér í þriðja sinn á síðasta ári meðal efstu landa í Mercer vísitölunni sem mælir áriaga stöðu lífeyriskerfa 47 ríkja.

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAD LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL

  
UPPLÝSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



**Íslenska lífeyrissjóðakerfið er fremst í flokki fjórða árið í röð**

Smelltu á myndina Ísland tók þátt í fjórða sinn í alþjóðlegri lífeyrissvísitölu Mercer-CFA Institute þar sem gerður er samanburður á milli lífeyriskerfa 48 landa. Íslenska lífeyriskerfið var í öðru sæti og fékk A einkunn ásamt Hollandi, Danmörku og Ísrael.

Smelltu á myndina fyrir nánari upplýsingar.



## Samfélagsmiðlar

LL nýta samfélagsmiðla til að vekja athygli á málefnum tengdum lífeyriskerfinu. Samfélagsmiðlar eru leið til að ná til fjölda fólks og auka með því þekkingu almennings á lífeyrismálum. Er þetta öflug leið til að ná að fræða ungt fólk um verðmæti lífeyrisréttinda.

LL nýttu sér samfélagsmiðla Meta (Instagram og Facebook). Á starfsárinu var áhersla á fjölbreytta efnispætti s.s.:

- Viðbótarlífeyrissparnaður (18-34 ára)
- Lífeyrisgáttin / Kannaðu réttindin þín
- Málstofa - Samskipti fjárfesta og stjórna félaga
  - Áhersla var á birtingar í Viðskiptablaðinu með það að markmiði að fjölga skráningum á málstofuna og þar tókst vel til.
- Unga fólkíð - Fyrsta fasteign- Viðbótarlífeyrissparnaður

Hafa birtingar á samfélagmiðlum reynst vel og stendur til að nýta slíka miðlun enn frekar á næstu árum.



# Líflegar umræður um samskipti fjárfesta og stjórna

Landssamtök lífeyrissjóða efndu til málstofu um samskipti fjárfesta og stjórna félaga 28. janúar 2025 og óhætt er að segja að þar hafi vel til tekist. Skráðir gestir voru um hundrað talsins og tólf frummælendur og þátttakendur við pallborð fjölluðu um viðfangsefnið frá ýmsum hliðum og skiptust á skoðunum.

**Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtakanna, setti málþingið og sagði meðal annars:**

*Markmið okkar er að skapa umræðuvettvang til að kafa dýpra í málefnið en unnt er að gera með því að skiptast á skoðunum gegnum fjólmíðla.*

*Landssamtök lífeyrissjóða hafa góða reynslu af samkomum af þessu tagi. Ég nefni til að mynda ráðstefnu eða málstofu að frumkvæði samtakanna í byrjun febrúar 2023 þegar við fjölluðum um innviðafjárfestingar og möguleg samstarfsverkefni hins opinbera og lífeyrissjóða. Málin ræddum við í þessum sama fundarsal fullskipuðum heilan dag og dagskrárefnin voru langt í frá útrædd þegar málstofunni var slitið.*

*Upp úr stóð hve umræðurnar voru efnislega innihaldsríkar, einlægar, opinskáar og þar af leiðandi árangursríkar.*

*Ég vænti þess og þykist raunar vita að við mætum til leiks í dag með svipuðu hugarfari og þátttakendur á innviðaráðstefnunni forðum.*



## Við pallborðið

Víst er að væntingar framkvæmdastjórans um innihaldsríkar og opinskáar umræður gengu eftir. Framsöguerindin voru hvert öðru áhugaverðara og sama er að segja um pallborðsumræðurnar.

Bergur Ebbsi, fundarstjóri málþingsins, var í spyrilshlutverki í pallborðsumræðum. Fyrir svörum

stóðu en ekki sátu í lok fyrri hálfleiks samkomunnar Finnur Oddsson, forstjóri Haga, Ingunn Agnes Kro, formaður stjórnar RARIK, og Helga Hlín Hákonardóttir, eigandi Strategíu og stjórnarmaður í Íslandsbanka. Yfirskrift fyrri hálfleiks var „Hlutverk stjórna og starfshættir“.

Fyrir svörum stóðu í lok síðari hálfleik Kristín Pétursdóttir, varaformaður Arion banka og sjálfstætt starfandi ráðgjafi og stjórnendabjálfi, Óskar Magnússon, stjórnarformaður Eimskips, og Jón Sigurðsson, forstjóri Stoða. Yfirskrift þessa hluta samkomunnar var „Hlutverk eigenda – hluthafafundur“.

Efnislegar tilvitnanir í ummæli við pallborð er að finna á vef Landssamtakanna, á slóðinni <https://www.lifeyrismal.is/is/frettir-og-greinar/leifturljos-a-spjall-vid-pall>





Óskar Magnússon, Kristín Pétursdóttir og Jón Sigurðsson.



Helga Hlín Hákonardóttir, Ingunn Agnes Kro og Finnur Oddsson.



## Innlegg framsögumanna

Glærur frummælenda og upptökur af framsöguræðum þeirra eru að finna á heimasíðu LL eða slóðinni: Þétt setinn salur á vel heppnuðu málþingi | [Lífeyrismál.is](https://lifeyrismal.is)

**Hér fylgja fáeinar tilvísanir í framsöguræðurnar til að gefa hugmynd um hvað þarna var rætt. Klausurnar skoðist fyrst og fremst sem eins konar lystaukar, – „punktar“ sem kynnu að vekja forvitni og áhuga lesenda á dagskrárefninu í heild sinni.**

**Tómas N. Möller, forstöðumaður lögfræðisviðs Lífeyrissjóðs verzlunarmanna:** *Hvað þýða þessar skammstafanir og nýju reglur fyrir fjárfesta og hlutafélög: SRD II?*

Tilskipun ESB nr. 2017/828 sem varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (e. SRD II / Shareholder rights directive) miðar að því að styrkja réttindi hluthafa og bæta stjórnarhætti skráðra hlutafélaga. Gert er ráð fyrir að tilskipunin verði innleidd í íslenskan rétt á vorþingi 2025.

Tilskipunin felur í sér ýmsar breytingar fyrir fjárfesta og félög. Þar er lögð áhersla á meiri ábyrgð og gagnsæi í samskiptum milli hluthafa og stjórnenda og hvatt til virkrar þátttöku hluthafa í ákvörðunum félaga. Einnig eru ákvæði til að auðvelda erlendum hluthöfum að nýta réttindi sín, meðal annars með notkun rafrænna atkvæðagreiðslna og auknu flæði upplýsinga yfir landamæri.

Eitt af meginmarkmiðum SRD II er að auka gagnsæi í viðskiptum tengdra aðila. Í því sambandi er gert ráð fyrir að aðildarríki EES setji skýrar reglur um

veruleg viðskipti félaga við tengda aðila. Skráð hlutafélög skulu tilkynna slík viðskipti opinberlega þegar þau eiga sér stað og veita nægjanlegar upplýsingar um skilmála þeirra og sanngirni. Samþykki þarf að liggja fyrir, annaðhvort frá stjórn félagsins eða hluthöfum, og tengdir aðilar mega hvorki taka þátt í ákvörðun né atkvæðagreiðslu. Aðildarríkjum er heimilt að skilgreina nánar hvaða viðskipti teljast veruleg og veita undanþágur fyrir venjuleg viðskipti á markaðskjörum. Markmiðið er að tryggja hagsmuni félagsins og annarra hluthafa.

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND

**SAMSKIPTI FJÁRFESTA OG STJÓRNA FÉLAGA**

28. JANÚAR 2025 | KL. 8:30 – 14:00

LANDSSAMTÖK

LÍFEYRISSJÓÐA



|                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                               |                                                                                                                                                                                                         |                                                                                                                                                                                             |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|  <div><b>FINNUR ODDSSON</b><br/>FORSTJÓRI HAGA</div>                                                          |  <div><b>INGUNN AGNES KRO</b><br/>FORMADUR<br/>STJÓRNAR RARIK</div>                                                        |  <div><b>HELGA HLÍN HÁKONARDÓTTIR</b><br/>EIGANDI STRATEGI<br/>OG STJÓRNARMADUR<br/>ISLANDSBANKA</div>               |  <div><b>ÓSKAR MAGNÚSSON</b><br/>STJÓRNARFORMADUR<br/>EIMSKIPS</div>                                     |
|  <div><b>TÓMAS N. MÖLLER</b><br/>FORSTÖÐUMADUR<br/>LÖGFRÆÐISVIÐS<br/>LÍFEYRISSJÓÐS<br/>VERZLUNARMANNA</div> |  <div><b>DR. HELGA KRISTÍN AUÐUNSDÓTTIR</b><br/>LEKTOR VÍÐ LAGAEIÐ<br/>HÁSKOLANS Í REYKJAVÍK</div>                       |  <div><b>ÞRÓSTUR ÓLAF SIGURJÓNSSON</b><br/>PRÓFESSOR VÍÐ<br/>VIÐSKIPTAFRÆÐI<br/>HÁSKÓLA ÍSLANDS</div>              |  <div><b>HEIÐA ÓSKARSDÓTTIR</b><br/>LÖGMADUR OG<br/>SÉRFRÆÐINGUR Í<br/>STJÓRNARHATTUM<br/>FÉLAGA</div> |
|  <div><b>JÓN SIGURÐSSON</b><br/>FORSTJÓRI STÓÐA</div>                                                       |  <div><b>KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR</b><br/>VARAFORMADUR<br/>STJÓRNAR ARON<br/>BANKA OG SÍLFESTET<br/>STARFANDI RÁÐGJAFI</div> |  <div><b>HRÚND RUDOLFSÓTTIR</b><br/>FRÁMKVEMDA-<br/>STJÓRI SÓLVALLA OG<br/>STJÓRNARKONA Í<br/>SKAGA OG NOVIA</div> |  <div><b>HARALD GUNNAR HALLDÓRSSON</b><br/>LÖGFRÆÐINGUR Á<br/>EIGNASTYRINGASVIÐI<br/>LSR</div>         |

Tilskipunin hvetur jafnframt stofnanafjórfa og eignastýringaraðila til að samþætta sjálfbærni í hluthafastefnur sínar, meðal annars með því að leggja áherslu á umhverfis- og samfélagslega þætti með það að markmiði að styðja við langtímahagsmunir félaga. Lögð er sérstök áhersla á langtímaverðmætasköpun þar sem stjórnarhættir félaga skulu styðja við sjálfbærna vöxt og langtímasýn í rekstri. Félög eru hvött til að horfa til lengri tíma og hluthafar til að taka virkan þátt í mótun stefnu sem byggir á traustum grunni.

■

**Þróstur Olaf Sigurjónsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands: Leiðarljós eða villuljós fyrir hlutafélög?**

Samanburður leiðbeininga um góða stjórnarhætti á Norðurlöndum leiðir í ljós mun á innihaldi þeirra. Gagnvart íslensku leiðbeiningunum munar mestu um hversu mikið hin Norðurlöndin hafa fjallað um sjálfbærni og samskipti eigenda og stjórna á allra seinustu árum.

Danir hafa í nýlegri útgáfu sinna leiðbeininga bætt við umfjöllun um árangursmat stjórna. Allar hinar

norraenu þjóðirnar hafa fylgt þessu eftir og er þar tekið á samskiptum eigenda og stjórnenda. Danir fjalla mikið um samfélagsábyrgð fyrirtækja út frá samfélagsábyrgð og nokkuð um samsetningu stjórna. Finnar ganga lengst í umfjöllun um samsetningu stjórna, val stjórnarmanna og getu þeirra til að taka þátt í stefnumótun fyrirtækja. Norðmenn hafa skerpt á hlutverki stjórna, vilja tengja sjálfbærni við virðissköpun og gera ráð fyrir því að fyrirtæki greini með hvaða hætti aðkoma að sjálfbærni hafi áhrif á virðissköpun eða virðisrýrnun viðkomandi fyrirtækis.

Norðmenn hafa nýlega bætt inn í leiðbeiningarnar hvað eigi að koma fram í tillögum tilnefningarnefnda um stjórnarkjör í félögum. Það er að segja, svarað spurningunni hver sé afurð tilnefningarnefnda. Þetta hefur enn ekki verið gert í íslensku leiðbeiningunum. Svíar vilja að eigendur svari því hvað þeir hafi í huga varðandi verðmætasköpun til langs tíma í fyrirtækjum sem þeir eiga hlut í. Sjálfbærnin er fyrirferðarmikil hjá Svíum.

Finnar fjalla heilmikið um hæfi stjórnarmanna. Þeir komust að því fyrir nokkrum árum að finnskar stjórnir væru of einsleitar. Þar væru yfirleitt bara Finnar í stjórnarstólum. Viðskiptaráð og samtök

atvinnulífs í Finnlandi sögðu: Þetta gengur ekki. Við höfum heilmikið fram að færa á erlendum mörkuðum og samsetning stjórna þarf að breytast í samræmis við það. Gengið var í það að alþjóðavæða stjórnir og endurmanna þær útlendingum með alþjóðlega reynslu.

■

**Dr. Helga Kristín Auðunsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík: Hver á aðkoma hluthafa að málefnum hlutafélaga að vera?**

Í umræðuskýrslu Seðlabanka Íslands frá 22. október 2024 koma fram skýr skilaboð: Lífeyrissjóðir ættu að beita áhrifum sínum sem hluthafar á virkan og ábyrgan hátt. Geri þeir það ekki gæti vald minni hluthafa aukist umfram þann raunverulega atkvæðisrétt sem þeim ber.

Þessi viðvörun byggir á reynslu frá fjármálakreppunni 2008 þegar í ljós kom að skortur á virkri þátttöku stórra hluthafa gerði það að verkum að minni hluthafar eða stjórnendur gátu haft óeðlilega mikil áhrif á ákvarðanatöku í félögum. Síðan þá hefur áhersla aukist á ábyrgð hluthafa, ekki aðeins á réttindi þeirra – en með því er átt við að þeir taki virkan þátt í ákvörðunum sem varða

langtímahagsmuni fyrirtækja og samfélagsins í heild. Í kjölfar kreppunnar voru reglur hertar og tilskipun Evrópusambandsins, sem væntanleg er til innleiðingar á Íslandi, hefur það að markmiði að bæta stjórnarhætti enn frekar. Þar er hluthöfum skipt í flokka eftir tegund, og stofnanafjárfestum og eignastýringaraðilum eru lagðar auknar skyldur á herðar – meðal annars að taka mið af langtímasjónarmiðum og samfélagslegum áhrifum í ákvarðanatöku sinni.

Áherslan er skýr: Stofnanafjárfestar, líkt og lífeyrissjóðir gegna lykilhlutverki í góðum stjórnarháttum. Á meðan almennir fjárfestar hafa meira svigrúm til að ákveða hvort og hvernig þeir taka þátt verða þessir stærri aðilar að sýna frumkvæði og ábyrgð. Þegar tilskipunin hefur verið innleidd, verður ekki lengur hægt að líta á alla hluthafa sem einn samstæðan hóp. Í staðinn hafa hluthafar mismunandi ábyrgð eftir því hvaða aðili á í hlut og með hvaða hætti hluthafar eigi að beita sér í hlutafélögum.

### **Harald Gunnar Halldórsson, lögmaður á eignastýringarsviði LSR: Hvað markar völinn fyrir samskipti hluthafa og stjórna félaga?**

Nokkrir liðir úr SRD II – tilskipun um hluthafaréttindi. Fjallað var um þrjá liði úr tilskipuninni sem verður innleidd hér á landi von bráðar. Fyrst var horft til stefnu um beitingu hluthafaréttinda, en stofnanafjárfestar munu þurfa að setja sér stefnu um hvernig þeir koma að félögum

sem þeir hafa fjárfest í og gefa út árlega skýrslu um framkvæmd þeirrar stefnu. Þeir hafa val um að setja sér ekki stefnu en þurfa að rökstyðja þá nálgun sína eftir atvikum (fylgið eða skýrið). Þátttökustefnum þessara aðila er ætlað að stuðla að bættri ávöxtun eignasafna til millilangs og langs tíma.

Annað atriðið sem litið var til eru starfsskjarastefnur, en tilskipunin gerir ráð fyrir heildstæðri skýrslugjöf um launakjör í skráðum félögum, hvaða nafni

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND

**SAMSKIPTI FJÁRFESTA  
OG STJÓRNA FÉLAGA**

28. JANÚAR 2025 | KL. 8:30 – 14:00



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA 



**SKANNAÐU KÓÐANN  
TIL ÞESS AÐ SKOÐA  
DAGSKRÁNA**

sem þau nefnast. Gerð sé grein fyrir skýrslunni á hluthafafundi og hún borin undir atkvæði. Hluthafar eru þar með dregnir mun nær umfjöllun um launagreiðslur en nú tíðkast og launakjör tengd rekstri og árangri félagsins. Starfskjarastefna skal stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni en ekki eða aðallega tengjast skammtíamarkmiðum í starfseminni. Launakjör einstakra stjórnenda verða birt en með því er stefnt að því að auka gagnsæi og ábyrgð stjórnenda og að gefa hluthöfum betri sýn yfir launakjör og útgáfa slíkrar skýrslu á persónugrunni er talin nauðsynleg til að gera fjárfestum og hagaðilum kleift að meta launakjör, að hvaða marki þau tengjast árangri félagsins og hvernig launakjarastefnan er framkvæmd. Það telst þannig alls ekki nægilegt að birta samandregnar eða nafnlausar skýrslur um launakjör heldur þarf að taka saman og birta upplýsingar um hvern launabátt og heildarfjárhæð fyrir hvern einstakan stjórnanda.

Það gæti orðið býsna áhugavert og krefjandi að meta og greina og komast að niðurstöðu um launakjör. Hér er launakjarabáttum fjölgað til birtingar og félögin eru skuldbundin til að birta upplýsingarnar. Fjárfestum er með öðrum orðum beinlínis gert að mynda sér skoðun á launakjörum einstakra starfsmanna. ESB er því ekki sammála því, sem stundum heyrir í aðdraganda aðalfunda

félaga, að það sé hlutverk stjórna eða forstjóra og ekki annarra að ákveða starfskjör. Hér er verið að draga hluthafa að borðinu.

Að lokum var fjallað um viðskipti félaga við tengda aðila, en tilskipunin mun setja þeim mun þrengri skilyrði en nú gilda. Upplýsingagjöf til haghafa verður ríkari en nú er og hugsanlegt er að samþykki stjórnareininga eða hluthafa þurfi til að koma svo að viðskipti geti gengið í gegn. Val á áherslum við innleiðingu skiptir þar mestu máli og því mikilvægt fyrir haghafa að fylgjast með samráðsferli við innleiðinguna.



### **Hrund Rudolfsdóttir, framkvæmdastjóri Sólvalla og stjórnarkona í Skaga og Nova: Starfskjarastefnur**

Starfskjarastefna félaga. Hverju breytir tilskipun SDR II Shareholder Rights Directive í starfskjarastefnu? Rauði þráðurinn er auknar skyldur skráðra fyrirtækja og fjárfesta ekki síður. Réttilega er til orða tekið að ESB sé að „draga hluthafa mun nær stjórnarborðinu“ en þekkist hefur til þessa. Ef ég set á mig praktísku gleraugun er hægt að orða breytingar í einföldu máli þannig:

Innleiðing sjálfbærnimælikvarða í breytilegum kjörum og mati á frammistöðu. Aukið gagnsæi og ábyrgð. Aukið samræmi við vilja og væntingar hluthafa. Stjórnarhættir, langtímasjónarmið og áhættustýring. Auknar kröfur um upplýsingamiðlun. Sumar kröfur er tiltölulega einfalt að uppfylla en annað vekur spurningar eða nokkrar áhyggjur. Nú verður sem sagt opnað á að birta upplýsingar um launakjör einstakra stjórnenda, stíf krafa gerð um að stjórn greini frá því hvernig hún setji til dæmis upp kerfi varðandi breytileg starfskjör og útskýri það síðan í skýrslu að liðnu rekstrarári. Ég fæ ekki betur séð en að við þurfum að birta mælikvarða og hvernig við komumst að niðurstöðu um rekstrarárangur þegar árinu lýkur. Þetta er nýtt og þarna er opnað hressilega inn í hugarheim og stýringu á fyrirtækjum í gögnum sem eru gerð opinber. Viðkvæmt mál og mjög flókið. Kallar á miklar umræður. Þess er og krafist að litið sé til lengra tímabils en rekstrarársins. Það hlýtur þá til dæmis að þýða að meta eigi hvort kaupukagreiðslur á fyrri árum hafi verið vegna raunverulegs árangurs. Krafa er um að kaupuki sé greiddur vegna raunverulegs árangurs. Ómögulegt er hins vegar að meta árangur að fullu strax að rekstrarári loknu. Ég býst því við umræðum í þá veru að kaupukum sé frestað eða jafnvel að kaupuki sé endurgreiddur ef síðari tíma upplýsingar sýna að rekstrarárangur varð ekki í reynd sá sem miðað var við.



**Heiða Óskarsdóttir, sjálfstætt starfandi  
lögmaður og sérfræðingur í stjórnarháttum: Nýjar  
evrópskar reglur um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja.**

Tilskipun um sjálfbærniuppgjör fyrirtækja (CDRD) hefur tekið gildi innan Evrópusambandsins en bíður nú innleiðingar á Íslandi. Þrátt fyrir að ekki sé beinlínis kveðið á um hlutverk stjórna í texta tilskipunarinnar má af efni hennar leiða að stjórnir fyrirtækja beri ábyrgð á að móta stefnu í sjálfbærnimálum og tryggja heilindi upplýsinga um sjálfbærni. Tryggja þarf að upplýsingarnar séu nákvæmar, áreiðanlegar og gagnsæjar til að forðast orðsporsáhættu og grænpvott.

„Grænpvottur“ kallast það þegar fyrirtæki, stjórnvöld eða stjórnmalaflokkar villa um fyrir fólki með því að sýnast vera umhverfisvænni en raun ber vitni um. Mikil hættu er á grænpvotti ef fullyrðingar um sjálfbærni standast ekki nánari skoðun. Ekkert fyrirtæki er öruggt fyrir þeirri áhættu að lofa meiru en það getur staðið við. IKEA fullyrta til dæmis að húsgagnaframleiðsla fyrirtækisins væri í alla staði sjálfbær en heimildamyndagerðarmenn sýndu fram á að það stæðist ekki. Þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnir tryggi að eftirlitskerfi fyrirtækisins sé virkt í að afla og miðla upplýsingum um sjálfbærni og spyrji réttra spurninga um hvort fullyrðingar um sjálfbærni standist. Hér er vísað til máls sem komst í heimsfréttir í desember

2024. IKEA er stærsti einstaki eigandi skóglendis í Rúmeníu. Rannsóknarblaðamenn danska ríkisútvarpsins DR fóru til Rúmeníu, öfluðu gagna og ræddu við sérfræðinga.

Niðurstaðan var sú að fullyrðing IKEA, um að húsgagnaframleiðsla fyrirtækisins væri „með öllu sjálfbær“, gæti engan veginn staðist. „Það að fella öll tré án þess að skilja neitt eftir á svæðinu er ekki það sem viðurkennt er sem vottuð og sjálfbær skógrækt,“ var t.d. haft eftir Jacob Heilmann-Clausen, lektor í líffræðilegum fjölbreytileika við Kaupmannahafnarháskóla, í heimildamynd DR um málið.



# Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða

## Helstu verkefni:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er viðkoma fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Vera faglegur álitsgjafi stjórnar er varðar fjárfestingarumhverfi og styðja með þeim hætti formleg samskipti við haghafa, einkum stjórnvöld.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

## Sérstök verkefni 2024-2025:

- Fylgjast með sjálfbærniþróun í fjárfestingarumhverfi sjóðanna. Stuðla að góðu samstarfi við fulltrúa áhættunefndar og hina ýmsu haghafa við innleiðingu á nýju regluverki er varðar málaflokkinn.
- Stuðla að samtali við alla haghafa sem leitt getur til liðkunnar á aðkomu lífeyrissjóða að uppbyggingu innviða á Íslandi.
- Ljúka gerð starfsreglna nefndarinnar og skila til stjórnar.
- Nefndinni er falið, eftir atvikum í samstarfi við fulltrúa annarra fastanefnda, að taka saman og

rýna þær magnbundnu takmarkanir sem gilda um fjárfestingar lífeyrissjóða sem brýnt þykir að breyta. Leggja mat á kosti og galla þess að draga úr vægi magnbundinna takmarkana og auka að sama skapi áherslu á skynsemisregluna.

## Nefndina skipa:

*Ólafur Sigurðsson*, formaður, Birtu lífeyrissjóði

*Arne Vagn Olsen*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Baldur Snorrason*, Festu lífeyrissjóði

*Guðmundur T. Ragnarsson*, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

*Guðrún Inga Ingólfssdóttir*, Lífsverki

*Halla Kristjánsdóttir*, LSR

*Helga Indriðadóttir*, Almenna lífeyrissjóðnum

*Jakob Tryggvason*, Birtu lífeyrissjóði

*Jóhann Steinar Jóhannsson*, Stapa lífeyrissjóði

*Jón L. Árnason*, Lífsverki

*Jón Otti Jónsson*, SL lífeyrissjóði

*Ólafur Frímann Gunnarsson*, Íslenska lífeyrissjóðnum

*Ólafur Örn Jónsson*, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

*Rósa Björgvinsdóttir*, Gildi – lífeyrissjóði

*Soffía Gunnarsdóttir*, Birtu lífeyrissjóði

*Svandís Rún Ríkharðsdóttir*, Brú lífeyrissjóði

*Tómas N. Möller*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

- Skipuleggja fræðslu og/eða eftir atvikum málþing um málefni er varða starfssvið nefndarinnar, eftir atvikum í samstarfi við haghafa og með stuðningi PRICE.



Nefndin hélt vinnustofu þann 23. ágúst og leitað var til Kristins Hjálmarssonar að annast umræðustjórn. Verkefni fundarins var að kryfja spurninguna: *Hvernig vinnur nefndin á skilvirkan hátt að markmiðum sínum?* Unnið var í minni hópum og nefndarmenn spreyttu sig á ólíkum spurningum þar til þeir höfðu náð sameiginlegu svari við kjarnaspurningunni. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir helstu niðurstöðum vinnustofunnar á stefnumótunarfundi stjórnar sem haldinn var þann 4. september. Þar var unnið nánar með niðurstöðurnar og voru áherslurnar eftirfarandi:

- Efla samskipti við stjórnvöld til að ná nauðsynlegum breytingum á fjárfestingarheimildum með aðstoð utanaðkomandi aðila.
- Fagleg grunnvinna á fjárfestingarreglum til innleiðingar á skynsemisreglum.
- Vera faglegur álitsgjafi stjórnar varðandi fjárfestingarumhverfi – styrkja formleg samskipti við stjórnvöld.

Á fyrsta reglulega fundi nefndarinnar sem haldinn var í september var farið yfir skipulag vinnu nefndarinnar. Var ákveðið að fastir mánaðarlegir fundir nefndarinnar yrðu að jafnaði fjárfundir en nefndin hefur vinnusvæði á Teams þar sem

verkefnum er skipt upp og unnt að nálgast helstu gögn. Á þeim fundi var ákveðið að fá fulltrúa úr nefndinni til að starfa í föstum undirhópum sem unnt yrði að leita til varðandi þau mál sem þarfnast úrvinnslu hverju sinni. Undirhóparnir eru: Umsagnarhópur, málstofur/ráðstefnur, endurskoðun fjárfestingarheimilda og sjálfbærar fjárfestingar.

### **Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða**

Mikil áhersla hefur verið á breytingar á löggjöf er varðar fjárfestingar og því til samræmis hefur regluverk ESB sem innleitt er í íslenskan rétt á grundvelli EES-samningsins aukist gríðarlega. Á vegum nefndarinnar hefur talsvert verið rætt um hvernig sjóðirnir vinni best að því að fylgjast með og vera sem best búnir undir breytingar. Nefndarmenn hafa staðið vaktina og reynt eftir fremsta megni að fylgjast með því sem er í farvatninu hverju sinni.

Almennur samhljómur er um mikilvægi þess að endurskoða almennar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Þeim skilaboðum hefur ítrekað verið komið á framfæri í umsögnum um frumvörp er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Mikilvægt þykir að sett verði almenn ákvæði um fjárfestingar en ekki sérákvæði um ákveðnar tegundir fjárfestinga.

Lengi hefur verið bent á mikilvægi þess að draga úr magnbundnum takmörkunum og leggja ríkari áherslu á skynsemisreglur og áhættueftirlit. Á vegum nefndarinnar hefur nokkur rýni átt sér stað á þeim reglum sem gilda á þessu sviði innan nokkurra landa sem teljast í alþjóðlegum samanburði vera með nokkuð burðug lífeyrissjóðakerfi.

Í umræðuskýrslu SÍ er tekið undir þörfina og er fram undan tækifæri til að vinna þétt saman með hagaðilum og leiða til lykta nauðsynlegar breytingar. Slíkt samtal er þegar hafið og fulltrúar í nefndinni farnir að rýna hvernig æskilegar breytingar gætu orðið. Hér er mikilvægt að eiga samstarf við fulltrúa áhættunefndar og er slíkt samtal þegar hafið.

### **Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur o.fl.**

Fulltrúar nefndarinnar koma iðulega að gerð umsagna um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem LL senda frá sér. Hefur reynst afar gagnlegt fyrir LL að geta leitað til fulltrúa nefndarinnar sem koma á framfæri ábendingum og athugasemdum sem byggðar eru á sérþekkingu nefndarmanna. Þá hafa nefndarmenn mætt sem fulltrúar LL á fundi með stjórnvöldum og eftirlitsaðilum.

### **Þátttaka í umræðu o.fl**

Nefndarmenn hafa margir hverjir verið iðnir við að taka þátt í opinberri umræðu, með ritun greina, mætt í viðtalsþætti og verið fulltrúar í pallborðsumræðum þar sem fjárfestingarumhverfi sjóðanna hefur komið til tals, s.s. varðandi innviðafjárfestingar. LL hafa haft greiðan aðgang að sérfræðingum nefndarinnar þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og alþjóðlegra matsfyrirtækja (Fitch, S&P, Moody's) hafa óskað eftir fundum með fulltrúum lífeyrissjóða. Er það mikill styrkur fyrir starfsemi LL að geta leitað til sérfræðinga nefndarinnar þegar á hefur reynt.

### **Gjaldeyrisáætla og flokkun hlutabréfa**

Sí hefur túlkað 36. gr. d í lögum nr. 129/1997 með þeim hætti að flokka beri eignir í þeirri mynt sem viðkomandi bréf eru gefin út í. Vegna tvískráningar bréfa annars vegar í Nasdaq Iceland og í erlendum kauphöllum hefur þessi túlkun valdið nokkrum umræðum og þykir ekki sem skyldi meta gjaldmiðlaáættu sem er undirliggjandi hverju sinni. Hefur af þessum sökum verið ritað bréf til Sí þar sem farið er fram á að þessi túlkun verði endurskoðuð og að fremur verði litið til uppgjörsmýntar viðskipta með viðkomandi verðbréf í stað útgáfumýntar skv. samþykktum félags. Hefur Sí brugðist við erindinu og heldur sig við upphaflega túlkun sína.

### **Málstofa um samskipti fjárfesta og stjórna félaga**

LL efndu til málstofu um samskipti fjárfesta og stjórna félaga sem haldin var 28. janúar 2025. Fulltrúar nefndar um fjárfestingarumhverfi tóku virkan þátt í skipulagningu ráðstefnunnar í samstarfi við samskiptanefnd og fræðslunefnd. Vísast nánar í umfjöllun um ráðstefnuna á bls. 34



### **Erlendar eignir lífeyrissjóða • Hlutfall af heildareignum**



Heimild: Seðlabanki Íslands

## RÉTTINDANEFND



### Helstu verkefni:

- Fara yfir og hafa frumkvæði að breytingum á lögum og reglum um tryggingafræðileg uppgjör og réttindabreytingar.
- Beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan lífeyrisgreiðslna og verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar ríkisins.
- Huga að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, svo sem með því að setja leiðbeinandi reglur.

### Sérstök verkefni 2024-2025:

- Þróun gagnasamskipta lífeyrissjóða við aðrar stofnanir í gegnum Strauminn. Verkefnið tengist samskiptum sjóðanna við ytri stofnanir og sín á milli.
- Meta fyrirhugaðar breytingar á örorkulífeyri almannatrygginga og áhrif þeirra á framkvæmd lífeyrissjóða.
- Kortleggja mál sem varða réttindi aðila sem búa erlendis og eiga réttindi hér á landi og gera aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum.
- Huga að samræmdu verklagi við meðhöndlun örorkumála eftir því sem unnt er. Í þessu samhengi m.a. taka saman leiðbeinandi viðmiðunarreglur við mat á orkutapi.
- Lífeyrisgáttin. Fylgjast með og styðja við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni. Verkefni þetta er jafnframt á vegum fræðslunefndar.
- Grænbók stjórnvalda. Vera til taks varðandi málefni sem heyra undir nefndina, svo sem mótun framtíðarsýnar á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða.



## Nefndarmenn:

*Jóna Finndís Jónsdóttir*, formaður, Stapa lífeyrissjóði

*Ágústa Hrönn Gísladóttir*, Gildi – lífeyrissjóði

*Ásta M. Þórhallsdóttir*, Íslenska lífeyrissjóðnum

*Berglind Guðmundsdóttir*, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

*Einar Ingimundarson*, Stapa lífeyrissjóði

*Gauti Jónasson*, Festu lífeyrissjóði

*Guðný Helga Lárusdóttir*, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

*Gunnar Þór Ásgeirsson*, Gildi – lífeyrissjóði

*Haukur Jónsson*, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

*Helgi Pétur Magnússon*, Almenna lífeyrissjóðnum

*Kristján Geir Pétursson*, Birtu lífeyrissjóði

*Margrét Kristinsdóttir*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Oliver Ómarsson*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Ólafur Páll Gunnarsson*, Íslenska lífeyrissjóðnum

*Ólafur K. Ólafs*, Lífeyrissjóði bænda

*Sara Jóna Stefánsdóttir*, Greiðslustofu lífeyrissjóða

*Sigríður Ómarsdóttir*, Almenna lífeyrissjóðnum

*Sigprúður Jónasdóttir*, Birtu lífeyrissjóði

*Tómas N. Møller*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Vala Rebekka Þorsteinsdóttir*, LSR

*Þorbjörg Kristinsdóttir*, SL lífeyrissjóði

*Þóra Jónsdóttir*, Brú lífeyrissjóði

Réttindanefnd hefur haft fjölbreytt málefni til umfjöllunar á árinu. Á vegum hennar er rætt um málefni sem varða þróun réttindakerfisins og samspil þess við almannatryggingar. Fjöldi undirhópa er starfandi á vegum réttindanefndar og hefur fundum nefndarinnar verið fækkað og þeir einkum nýttir sem yfirlitsfundir þar sem vinnuhópar fara yfir stöðu verkefna sinna og næstu skref. Á starfsárinu hélt nefndin sex fundi.

*Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru:*

### **Örugg gagnasamskipti – Straumurinn og TR**

Lífeyrissjóðirnir eru aðilar að Straumnum sem er hugbúnaðarlausn fyrir aðila sem vilja skiptast á upplýsingum milli tölvukerfa með öruggri gagnagátt eða framkvæma aðgerðir á milli tölvukerfa. Straumurinn er kominn upp hjá flestum lífeyrissjóðum en áfram er unnið að umbótum í samvinnu við TR. Mikil samlegð er í því að hafa sameinaðan hóp tæknimanna og sérfræðinga á lífeyrissviði en eftirspurn er eftir lausnum sem auka sjálfsvirknivæðingu og öruggari gagnasamskipti. Vinnuhópur er starfandi sem hefur það verkefni að rýna og meta hvernig þróun skuli háttað og meta hvar helstu þarfir lífeyrissjóðanna liggja í gagnasamskiptum.

### **Hópin skipa:**

*Ágústa Hrönn Gísladóttir*, formaður, Gildi-lífeyrissjóði

*Helga Sveinbjörnsdóttir*, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

*Margrét Kristinsdóttir*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Sara Jóna Stefánsdóttir*, Greiðslustofu lífeyrissjóða

*Þórey S. Þórðardóttir*, LL

### **Tæknifulltrúar:**

*Berglind Guðmundsdóttir*, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

*Guðmundur Sæmundsson*, Fuglum hugbúnaðarhúsi

*Ólafur Hrafn Nielsen*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Ómar Þór Ómarsson*, LSR

*Óskar Ármannsson*, Reiknistofu lífeyrissjóða

*Ragnheiður Jónasdóttir*, Brú lífeyrissjóði



Lífeyrissjóðirnir hafa undanfarin ár sent gögn á milli með öruggum hætti í gegnum Signet gagnagátt Advania. Signet Transfer hópur hefur séð um að samræma verklag við sendingar milli sjóða ásamt því að koma að þróun gagnagáttarinnar.



#### Hópin skipa:

Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi-lífeyrissjóði

Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Ragnheiður Pétursdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Sigrún Þ. Björnsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði



#### Tekjueftirlit örorkulífeyris

Undanfarið hefur vinnuhópur innan réttindanefndar rýnt gildandi framkvæmd við tekjueftirlit örorku hjá lífeyrissjóðum en framkvæmdin hefur ekki að öllu leyti verið samræmd milli lífeyrissjóða. Framkvæmd var könnun á því hvort lífeyrissjóðir hefðu tekið upp þau ákvæði í samþykktir sínar sem hugsanlega mætti samræma og varða þau ár sem telja í tekjuviðmiði, þ.e. að sjúkdómsforföll, nám, barneignir og atvinnuleysi séu ástæður fyrir því að átta ár séu skoðuð í stað þriggja/fjögurra. Nú þegar hafa nokkrir lífeyrissjóðir tekið umrædda þætti inn í samþykktir sínar undir átta ára reglu og aðrir meta hvort reglan skuli tekin upp.



#### Hópin skipa:

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður, Stapa lífeyrissjóði

Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

## Leiðbeinandi viðmið við mat á orkutapi

Málefni tengd örorku eru umfangsmikil í lífeyrissjóðunum og hefur vinnuhópur verið að störfum við að vinna leiðbeinandi viðmið við mat á orkutapi fyrir sjóðina. Þessar vinnureglur voru sendar til framkvæmdastjóra sjóðanna í janúar 2025 og óskað eftir að þær yrðu kynntar fyrir þeim starfsmönnum sjóðanna sem koma að afgreiðslu örorkumála sem og trúnaðarlæknum sjóðanna. Er nú unnið að því að gera samræmt sniðmát fyrir örorkumat í samvinnu við trúnaðarlækna sjóðanna.

## Hópin skipa:

Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum

Berglind Guðmundsdóttir/Thelma Birkisdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga

Gauti Jónasson, Festu lífeyrissjóði

Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði

Kristján Geir Pétursson, Almenna lífeyrissjóðnum

Oliver Ómarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, LL

## Myndir:

**Fjölsóttur fundur á Grand hóteli þann 16. september um nýja aðferðarfræði við mat á starfsgetu.**



Linda Bára Lýðsdóttir



Gissur Pétursson

## Breytingar á almannatryggingalöggjöf og samþætt örorkumat

Breytingar hafa verið samþykkar á almannatryggingalöggjöfinni sem fela í sér umtalsverðar umbætur á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga og taka þær gildi 1. september n.k. Tekið verður upp samþætt sérfræðimat sem er heildrænt mat á getu einstaklinga til virkni á vinnumarkaði. Er nú unnið að því að móta þetta nýja heildræna mat og eiga lífeyrissjóðir fulltrúa í þeirri vinnu sem eru starfandi trúnaðarlæknar lífeyrissjóða, þ.e. Guðmundur Björnsson, aðalmaður, og Skúli Gunnarsson, varamaður.

Mikilvægt er að fulltrúar lífeyrissjóða fái færi á að kynna sér þessa nýju aðferðarfræði við mat á starfsgetu og var haldinn fundur þann 16. september á Grand hóteli, þar sem fulltrúar félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og Tryggingastofnunar ríkisins kynntu þessa nýju nálgun.

TR og LL stóðu sameiginlega að kynningarfundi sem haldinn var þann 7. nóvember í húsakynnum TR. Á fundinum var farið ítarlega yfir umræddar breytingar á almannatryggingalögum þar sem áhersla var á endurhæfingar- og sjúkrageiðslur

og örorkulífeyri. Fundurinn var afar vel sóttur og mætti fjöldi starfsmanna lífeyrissjóða sem koma að afgreiðslu lífeyris auk nokkurra framkvæmdastjóra.

## Réttindi erlendra sjóðfélaga

Erlendum sjóðfélögum lífeyrissjóða hefur fjölgað töluvert og samhliða því fjölgar einnig í hópi Íslendinga sem flytjast utan til lengri eða skemmri dvalar. Vinnuhópur á vegum LL hefur unnið að því að kanna málefni þessa hóps og hvernig tryggja megi góða og skilvirka þjónustu við alla sjóðfélaga, óháð búsetu og uppruna. Hópurinn hefur undanfarið ár kannað mögulega auðkenningu erlendra sjóðfélaga með rafrænum skilríkjum. Hefur undirritun með Evrotrust skilríkjum verið skoðuð en þau uppfylla kröfur um fullgilda rafræna undirritun skv. eIDAS reglugerðinni.

Í samvinnu við áhættunefnd hefur verið unnið að því að fá upplýsingar frá TR um þá aðila sem TR hefur vitneskju um að séu fallnir frá en eru þó ekki skráðir látnir í Þjóðskrá. Áætlað er að setja þá upplýsingagjöf í fast verklag. Einnig hefur hópurinn ásamt áhættunefnd vakið athygli á því að tenging innlendra og erlendra kennitalna þarf að vera skráð og aðgengileg sjóðunum til auðkenningar erlendra sjóðfélaga við upphaf töku lífeyris. Æskilegt væri að Þjóðskrá hefji skráningu og miðlun þessara upplýsinga.



Huld Magnúsdóttir



Fundur 7. nóvember



Til umræðu hefur verið hvernig meðhöndla skuli réttindi sem ekki hafa verið nýtt og þá einkum inneignir í séreign þegar ekki næst í rétthafa. Stjórn LL hefur samþykkt að leita utanaðkomandi lögfræðialits en réttindanefnd hefur í því sambandi verið falið það verkefni að móta spurningar sem óskað yrði svara við.

#### **Hópin skipa:**

*Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum*

*Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ*

*Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði*

*Sigprúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði*

*Vilborg Guðnadóttir, LL*



#### **Lífeyrisgáttin**

Stefnt er að áframhaldandi þróun Lífeyrisgáttarinnar og er gengið út frá því að framtíðartæknilausnir muni byggja á sömu tækni og Straumurinn varðandi gagnasamskipti. Lífeyrisgáttin var tekin í notkun árið 2013 og var mjög til bóta fyrir sjóðfélaga en þörf er á umbótum með það markmið að sjóðfélagar geti nálgast heildarréttindi sín á einum stað. Stefnt er að því að sjóðfélagar geti í framtíðinni nálgast upplýsingar um samtryggingarréttindi, viðbótarlífeyrissparnað og aðra séreign í Lífeyrisgáttinni. Hópur innan LL hefur rýnt mögulega tækniútfærslu verkefnisins.




#### **Hópin skipa:**

*Dísa Björg Jónsdóttir, LSR*

*Guðný Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði*

*Hjörtur Smári Vestfjörð, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ*

*Ragnheiður Jónasdóttir, Brú lífeyrissjóði*



### Persónuverndarmál

Persónuverndarhópur á vegum LL fundar eftir þörfum og fer yfir mál er varða gögn frá lífeyrissjóðum og skilyrði sem þarf að uppfylla við afhendingu gagna. Hópurinn hefur m.a. verið til taks varðandi rýni á leyfi til miðlunar gagna um örorkulífeyrisþega vegna skoðunar á áhrifum breytinga á örorkulífeyriskerfi TR í september 2025 ásamt niðurfellingu víxlverkunarákvæðis í lögum 129/1997 um lífeyrissjóði.

### Hópurinn skipa:

*Rebekka Ólafsdóttir*, formaður, Gildi-lífeyrissjóði

*Einar Ingimundarson*, Stapa lífeyrissjóði

*Helgi Pétur Magnússon*, Almenna lífeyrissjóðnum

*Oliver Ómarsson*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Vala Rebekka Þorsteinsdóttir*, LSR



### Örorkuumsóknir og Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

Vinnuhópur innan LL er til staðar ef upp koma málefni tengd örorkuumsóknum. Hópurinn lagði til að Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða yrði uppfært á þann veg að úrskurðarsjóður myndi umreikna erlendar tekjur umsækjanda og senda með umsókn til annarra sjóða. Í kjölfarið var Samkomulagið uppfært til samræmis við tillögu hópsins.



### Hópurinn skipa:

*Sigbrúður Jónasdóttir*, formaður, Birtu lífeyrissjóði

*Anna Björk Sigurðardóttir*, LSR

*Bryndís Reynisdóttir*, Brú lífeyrissjóði

*Jóney Gylfadóttir*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

*Sara Jóna Stefánsdóttir*, Greiðslustofu lífeyrissjóða



### Úrskurðar- og umsagnarnefnd

Samkvæmt 11. gr. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða er kveðið á um skipun úrskurðar- og umsagnarnefndar sem hefur það hlutverk að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulagsins. LL skipa nefndarmenn sem eru þrír ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.

*Nefndin var síðast skipuð í júní 2024*

#### Hana skipa:

*Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR*

*Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna*

*Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi-lífeyrissjóði*

#### Varamenn:

*Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða*

*Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL lífeyrissjóði*

*Sigbrúður Jónasdóttir formaður, Birtu lífeyrissjóði*



### Úrskurðarnefnd um lífeyrismál

Á vegum LL hefur verið rýnt hvort þörf sé fyrir sérstaka úrskurðarnefnd þegar upp koma mál þar sem sjóðfélagar eru ósáttir við meðhöndlun mála sinna hjá lífeyrissjóðum. Vinnuhópur innan réttindanefndar tók saman ítarlegt minnisblað um málið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins.



#### Hópin skipa:

*Helgi Pétur Magnússon, formaður, Almenna lífeyrissjóðnum*

*Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi - lífeyrissjóði*

*Hrannar Bragi Eyjólfsson, Almenna lífeyrissjóðnum*

*Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði*

*Þórey S. Þórðardóttir, LL*

## VIRK

Á ársfundi VIRK sem haldinn var vorið 2024 voru gerðar umtalsverðar breytingar á stjórn og fulltrúaráði VIRK. Stjórnarmönnum var fækkað úr 14 í 7 og var framkvæmdastjórn VIRK afnumin. Fulltrúum í fulltrúaráði var fækkað úr 72 í 36 og samhliða var virkni fulltrúaráðs aukin og gert ráð fyrir ársfjórðunglegum fundum. Markmið þessara breytinga var að gera vinnu stjórnar VIRK markvissari og virkja betur fulltrúa í fulltrúaráði og ná betri tengslum við þá aðila sem standa að VIRK sem eru stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóðir og ríki. Nú er komin árs reynsla á þetta nýja fyrirkomulag og lofar breytingin góðu.

Framkvæmdastjóri LL situr í stjórn VIRK sem fulltrúi lífeyrissjóða skv. stöðuumboði og hefur Sigurbjörn Sigurbjörnsson verið varamaður.



### Fulltrúar lífeyrissjóða í fulltrúaráði VIRK eru:

*Ólafur Páll Gunnarsson*, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins og stjórnarmaður í LL

*Anna Björk Sigurðardóttir*, sviðstjóri lífeyrissviðs LSR

*Jóna Finndís Jónsdóttir*, forstöðumaður lífeyrismála hjá Stapa lífeyrissjóði og formaður réttindanefndar LL

*Berglind Guðmundsdóttir*, sérfræðingur í hinum ýmsu málum er varða lífeyrismál og starfar fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ.

Talsverð umræða hefur átt sér stað um fjármögnun VIRK en samið var um stofnun VIRK í kjarasamningum árið 2008. Með þeim kjarasamningunum fylgdi yfirlýsing af hálfu ríkisins um að greiða 0,13% framlag til VIRK á móti sama framlagi frá lífeyrissjóðum og atvinnulífi. Þetta kemur einnig fram í II. kafla laga nr. 60/2012 um

starfsendurhæfingu en lífeyrissjóðir hafa greitt framlög til VIRK frá gildistöku laganna. Ríkið hefur ekki greitt til samræmis við þann samning sem lagt var upp með og hafa því átt sér stað samtöl þar sem áhersla er lögð á jafna skiptingu gjaldsins milli aðila.

Þær breytingar sem taka gildi á almannatryggingalöggjöfinni 1. september n.k. gera ráð fyrir áherslu á aukna starfsendurhæfingu og því er mikilvægt að sátt ríki um fjármögnun VIRK og að ríkið komi með þriðjung fjármagns eins og samið var um í upphafi.



## FRÆÐSLUNEFND



### Helstu verkefni:

- Skipuleggja og hafa frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði.
- Vinna að gerð og þróun fræðslu- og kynningarefnis um lífeyriskerfið.
- Efla og viðhalda síðunni Lífeyrismál.is í samstarfi við samskiptanefnd.
- Koma Lífeyrisviti á framfæri sem víðast til almennings, s.s. til fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka.
- Fylgja eftir nýjungum og breytingum sem

tengjast lífeyrismálum með fræðslu til starfsfólks lífeyrissjóða, fyrirtækja og/eða almennings.

- Styðja við verkefni annarra fastanefnda LL með fræðslu þar sem við á til lífeyrissjóða, fyrirtækja og/eða almennings.

### Sérstök verkefni 2024-2025:

- Semja fræðslu- og námskeiðsáætlun samtakanna 2024-2025 með tilheyrandi áherslum.
- Halda málstofu um lífeyrismál í samstarfi við

samskiptanefnd og Félag mannauðs.

- Fylgjast með og styðja eftir atvikum við framgang fjármálalæsisverkefnisins Fjármálavits í grunnskólum.
- Fylgjast með og styðja eftir atvikum við fræðslu ASÍ um lífeyrismál í framhaldsskólum og kanna möguleika á lífeyrisfræðslu í háskólum.
- Vinna að fræðslu fyrir nýbúa, svo sem með því að uppfæra Lífeyrisvit á ensku og pólsku.
- Fylgja eftir nýjungum og breytingum sem tengjast lífeyrismálum með fræðslu til starfsfólks lífeyrissjóða og/eða almennings eftir atvikum.

### Nefndarmenn:

*Hildur Hörn Daðadóttir*, formaður, Lífeyrissjóður verzlunarmanna

*Aðalbjörn Sigurðsson*, Gildi – Lífeyrissjóði

*Auður Kjartansdóttir*, Brú Lífeyrissjóði

*Ástey Gunnarsdóttir*, LSR

*Elsa Björg Pétursdóttir*, Stapa Lífeyrissjóði

*Eva Jóhannesdóttir*, Birtu Lífeyrissjóði

*Helga Sveinbjörnsdóttir*, EFÍA, LSBÍ og Frjálsa Lífeyrissjóðnum

*Jóhanna María Jónsdóttir*, Íslenska Lífeyrissjóðnum

*Valmundur Valmundsson*, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

*Þórhildur Stefánsdóttir*, Almenna Lífeyrissjóðnum


Eitt af hlutverkum LL er að annast fræðslu um lífeyrismál og gegnir fræðslunefndin þar mikilvægu hlutverki. Fræðslunefnd skipuleggur og hefur frumkvæði að námskeiðahaldi og almennri fræðslu fyrir lífeyrissjóði. Nefndin vinnur að gerð og þróun fræðslu- og kynningarefnis um lífeyriskerfið og

styður við verkefni annarra fastanefnda LL með fræðslu eftir því sem við á. Fræðslunefnd hélt sex fundi á starfsárinu.

### Fræðslufundir

Í upphafi hvers starfsárs leggur nefndin drög að fræðsluáætlun en hún tekur breytingum til samræmis við þau mál sem upp kunna að koma hverju sinni. Í október sl. héldu formann fastanefnda LL kynningar á störfum nefndanna fyrir framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn lífeyrissjóða. Mikilvægt er að LL upplýsi lífeyrissjóðina um starfið sem fram fer á vegum samtakanna og er kynningarfundur á haustin á störfum nefndanna orðinn fastur liður. Þátttaka var góð og var almenn ánægja með fundinn.

Í samstarfi fræðslunefndar og áhættunefndar var haldinn kynningarfundur um *DORA reglugerð ESB* þann 30. september. DORA tilheyrir stafrænum fjármálapakka ESB og snýr sérstaklega að stafrænum og rekstrarlegum viðnámsþrótti á fjármálamörkuðum. Á fundinn mættu



Alma Tryggvadóttir



Ebenezer Þ. Böðvarsson



Gísli Óttarsson



Sigríður Rafnar Pétursdóttir



Guðmundur Arnar Sigmundsson

nokkrir sérfræðingar og héldu fróðleg erindi. Sigríður Rafnar Pétursdóttir, sérfræðingur frá skrifstofu fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, fjallaði um stafrænan og rekstrarlegan viðnámsþrótt fjármálamarkaða (DORA o.fl.). Alma Tryggvadóttir, Director og Cyber Lead í áhætturáðgjöf hjá Deloitte, hélt erindi þar sem bent var á þau lykilatriði sem hafa ber í huga „á DORA vegferðinni“. Ebenezer P. Böðvarsson, Team Lead & Senior Information Security Consultant hjá Syndis, fór yfir helstu efnispætti DORA með augum upplýsingaöryggisstjórans. Gísli Óttarsson, framkvæmdastjóri varúðareftirlits hjá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, gerði grein fyrir hlutverki eftirlitsins í tengslum við innleiðingu reglugerðarinnar. Guðmundur Arnar Sigmundsson, sviðsstjóri netöryggissveitar CERT-IS, hélt erindi

þar sem hann rakti þjónustu CERT-IS við mikilvæga innviði og aðra aðila íslenska netumdæmisins. Mikill áhugi var fyrir fundinum og var hann vel sóttur.

Fræðslufundur var haldinn þann 23. október um skattareglur og áhrif tvísköttunarsamninga. Þar hélt Elín Margrét Þráinsdóttir, deildarstjóri í alþjóðlegri skattlagningu og upplýsingaskiptum á álagningarsviði Skattsins, erindi undir heitinu: *Fræðsla um skattareglur og áhrif tvísköttunarsamninga á sjóðfélaga lífeyrissjóða sem búsettir eru erlendis*. Mikill áhugi var á efninu og var fundurinn vel sóttur enda hefur á undanförnum árum orðið veruleg fjölgun sjóðfélaga sem búsettir eru utan Íslands. Í kjölfar þessarar þróunar hefur fyrirspurnum erlendra sjóðfélaga til lífeyrissjóða fjölgað mikið sem hefur kallar á aukna þekkingu

innan sjóðanna á þessum málum. Starfsfólk lífeyrissjóða hefur lýst yfir þörf fyrir fræðslu um málefnið og var fundurinn liður í því að koma til móts við þær þarfir.

LL héldu málstofu í samstarfi við Mannauð, félag mannauðsfólks á Íslandi, á Grand hóteli þann 27. nóvember. Málstofan var um *Verðmæti lífeyrisréttinda og skipulag starfsloka*. Markmiðið málstofunnar var að auka þekkingu þeirra sem koma að mannauðsmálum og ráðningum á lífeyrisréttindum til að miðla áfram til starfsfólks. Á málstofunni voru flutt fjölbreytt erindi frá sérfræðingum úr ýmsum áttum. Farið var yfir íslenska lífeyrissjóðakerfið og einnig kynntar reynslusögur frá mannauðsdeildum fyrirtækja.



Hildur Hörn Daðadóttir



Snædís Ögn Flosadóttir



Þorsteinn Víglundsson

Framkvæmdastjóri LL hélt setningarávarp og fól í kjölfarið Snædís Ögn Flosadóttur, forstöðumanni hjá Arion banka, að annast fundarstjórn. Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Hornsteins og stjórnarmaður Samtaka atvinnulífsins, hélt erindi þar sem hann nálgadist svar við spurningunni Hvaða verðmæti felast í lífeyrisréttindum? Eftir að hafa hlýtt á erindi hans má ljóst vera að lífeyrisréttindi verði fyrir flesta verðmætasta fjárhagslega eignin eftir starfslok og gegni lykilhlutverki í að tryggja fjárhagslegt öryggi, bæði við starfslok og við örorku eða andlát áður en lífeyristökualdri er náð. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, hélt erindi sem bar heitið Hvenær og hvernig býðst fólki að fara á eftirlaun? Í erindinu var farið yfir helstu valkosti sem bjóðast við töku lífeyris. Hildur Hörn Daðadóttir, formaður fræðslunefndar LL og forstöðumaður rekstrarsviðs Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, varpaði ljósi á það hvort fólk vilji almennt hætta að vinna fyrir eða seinna. Hún vísaði í niðurstöður könnunar Gallup sem sýna að margir óska eftir því að geta minnkað við sig eða unnið íhlaupastörf þegar nær dregur starfslokum. Hún vakti athygli á mikilvægi þess að fyrirtæki móti skýra og sveigjanlega starfslokastefnu. Í lok dagskrár deildu fjórir

mannauðsstjórar reynslu sinni og nálgun í tengslum við starfslokastefnu sinna fyrirtækja. Þar fluttu erindi Brynja Gröndal frá Arion banka, Anna Rós Ívarsdóttir frá VÍS, Sveinborg Hafliðadóttir frá BYKO og Bergrún L. Sigurjónsdóttir frá Vinnueftirlitinu. Þær fóru yfir hvernig unnið er að því að styðja starfsfólk í lok starfsferilsins, hvaða áherslur eru í samtölum um starfslok og hvaða lausnir hafa gefist vel.

Fræðsla fór fram um varnir gegn peningapvætti á fjarfundi þann 16. janúar þar sem Eggert Ármannsson, lögfræðingur hjá héraðssaksóknara á skrifstofu fjármálgreininga lögreglu, hélt erindi undir yfirskriftinni *Lífeyriskerfið og peningapvætti*. Undanfarin ár hefur verið lögð aukin áhersla á varnir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, bæði hérlandis og á alþjóðavettvangi. Með fræðslunni gafst tækifæri fyrir starfsfólk lífeyrissjóða að efla þekkingu sína á vörnum gegn peningapvætti og þeim ógnum sem mikilvægt er að varast.

Samskiptanefnd, nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða og fræðslunefnd stóðu fyrir málstofu um *Samskipti fjárfesta og stjórna félaga* sem haldin

var í lok janúar. Á málstofunni voru haldin fræðileg erindi og pallborðsumræður með áherslu annars vegar á hlutverk eigenda fyrirtækja og hins vegar á stjórnir fyrirtækja.

LL óskuðu eftir því við prófanefnd verðbréfaréttinda að fá þátttöku á málstofunni samþykkt til lögbundinnar endurmenntunar vegna verðbréfaréttinda. Erindið var samþykkt og var málstofan metin sem þrjár klukkustundir til endurmenntunar sem fjöldi þátttakenda nýtti sér. Frekari upplýsingar um málstofuna má finna í sérkafla, sjá bls. 34.



## Lífeyrisvit

Nokkrar kynningar voru haldnar á starfsárinu undir merkjum Lífeyrisvits. Fyrsta kynningin fór fram í byrjun september hjá U3A Reykjavík, Háskóla þriðja æviskeiðsins.

Þrjár kynningar voru haldnar í lok október fyrir félagsmenn Eflingar og fóru þær fram á íslensku, ensku og pólsku. Fékk LL til liðs við sig pólskumælandi starfsmann Lífeyrissjóðsins Gildis til að flytja kynningu á pólsku. Efling og LL hafa lagt sérstaka áherslu undanfarin ár á að þjónusta þá sem ekki hafa íslensku sem sitt fyrsta mál.

Í nóvember var haldin kynning hjá fjártæknifyrirtækinu Two Birds sem starfrækir fjármálalausnina Aurbjörgu. Þar gafst tækifæri til

að fræða starfsfólkið um lífeyrismál en Aurbjörg er með í undirbúningi að bjóða upp á haldgóðar almennar upplýsingar um lífeyrismál í vöruframboði sínu. Þá var haldin kynning í desember hjá Veðurstofu Íslands og var hún vel sótt.

Í nokkrum tilvikum hafa borist beiðnir um fræðslu þar sem fyrir liggur að viðkomandi vinnustaður er með starfsfólk sem greiðir í ákveðinn lífeyrissjóð. Í slíkum tilvikum hefur þótt betur fara á að fá fulltrúa þess sjóðs til að taka að sér fræðsluna. Hefur þetta einkum komið upp á vinnustöðum ríks eða sveitarfélaga.

Annars er Lífeyrisvit kynnt á samfélagsmiðlum og unnt að panta kynningu á lifeyrismal.is undir kaflanum Fræðsla.

## Vefurinn Lífeyrismal.is

Notkun á vefsíðunni Lífeyrismal.is hefur aukist ár frá ári. Heildarfjöldi notenda á tímabilinu 1. apríl 2024 – 31. mars 2025 var liðlega 134.000 og hefur aukist um 9,2% frá sama tímabili árið áður. Áhugavert er að sjá að hlutfallsleg aukning er hærrí þegar litið er á erlenda hluta síðunnar eða um 23% á enska hlutanum og 17% á þeim pólska.

Langmestur fjöldi heimsóknna kemur frá leitarvélum á netinu, s.s. Google eða Bing sem ekki er kostuð leit, eða um 60%. Beinar heimsóknir á vefinn eru um 27% og um 13% frá samfélagsmiðlum.

*Lífeyrisgáttin* er sem fyrr mest heimsóttá undirsíða vefsins, því næst *Ávöxtun*, *Spurt og svarað* og *Landssamtök lífeyrissjóða*.

Spurningar undir Spurt og svarað eru á þremur tungumálum: Íslensku, ensku og pólsku. Sá hluti vefsins fær einna flestar heimsóknir eins og fyrr greinir.

## Fjármálavit

LL hafa átt aðkomu undanfarin ár að fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti sem leitt er af Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF). Samkvæmt nýlegri könnun sem SFF lét framkvæma segjast



Vilborg Guðnadóttir

einungis um 10% hafa lært um fjármál í grunnskóla, 24% í framhaldsskóla, 49% hjá foreldrum og 43% á netinu.

Meginstefið að baki Fjármálaviti hefur verið að tryggja fjármálafræðslu í grunnskólum og jafnt aðgengi allra barna að henni. Mikilvægt þykir að koma fjármálafræðslu með markvissum hætti inn í grunnskóla landsins. Hafa fundir verið haldnir með ráðamönnum og talsverð umfjöllun átt sér stað í fjölmiðlum þar sem reynt er að varpa ljósi á mikilvægi málsins.

LL skiluðu inn umsögn til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna endurskoðunar á greinasviði aðalnámskrár grunnskóla. Þar var því skýrt komið á framfæri að mikilvægt væri að mati LL að fjármálafræðsla yrði gerð að sjálfstæðri námsgrein í aðalnámskrá grunnskóla svo tryggt yrði að allir nemendur landsins sætu við sama borð þegar kæmi að slíkri kennslu.

#### *Kennslubókin Snjóll skref í fjármálum:*

Ný bók kom út eftir Gunnar Baldvinsson og var henni dreift í yfir 40 framhaldsskóla. Á síðustu árum hefur Fjármálavit dreift um 19.000 eintökum af bókum í grunn- og framhaldsskóla.

#### *Heimsókn frá RedSTART's Education programme:*

RedSTART samtökin einbeita sér að því að fræða börn í Bretlandi um fjárhagslega framtíð sína. Markmið þeirra er að veita fjármálafræðslu sem getur breytt lífsmöguleikum ungs fólks um allt Bretland. Verkefnið er unnið í samstarfi við helstu fjármálastofnanir Bretlands ásamt staðbundnum fyrirtækjum og yfir 600 sjálfbóðaliðum á fimm lykilstöðum víðs vegar um landið. Forstjóri samtakanna heimsótti Ísland á síðasta ári, kynnti sér fjármálafræðslu og miðlaði af reynslu sinni.

#### *Nýtt borðspil um fjármál – Aur og áhætta*

Fjármálavit studdi við unga frumkvöðla við gerð borðspils um fjármál. Spilinu var dreift frítt í alla grunnskóla landsins.

#### *Klingjum klukkum í nafni baráttunnar*

Bjöllum Nasdaq kauphallarinnar var hringt víða um heim í alþjóðlegri fjárfestaviku dagana 7.–11. október. Markmiðið með fjárfestavikunni var að vekja athygli á mikilvægi fjárfestaverndar og fræðslu fyrir almenning um fjárfestingar og sparnað. Krakkarnir sem unnu Fjármálaleikana á vegum Fjármálavits aðstoðuðu Nasdaq Iceland við hringingu Kauphallarbjöllunnar af þessu tilefni.



Kauphöllin

### *Kennaranámskeið og fræðsla fyrir almenning*

Námskeið undir merkjum Fjármálavits eru haldin fyrir kennara í samstarfi við Opna háskólann í Reykjavík en það er liður í því að styrkja kennara við fræðslu um fjármál í grunnskólum.

Rótarý Breiðholti stóð fyrir Fjármálanámskeiði sem haldið var í nóvember 2024 og var það opið öllum áhugasömum.

Námskeiðið var haldið bæði á íslensku og ensku. Rótarý Breiðholti átti frumkvæðið að

námskeiðinu og styrkti verkefnið með fjárframlagi og fékk SFF og LL til samstarfs. Fyrirlesari var Kristján Arnarson kennari sem hefur margra ára reynslu í að kenna fjármælalæsi í grunn- og framhaldsskólum. Þátttaka var einkum góð í enska hluta námskeiðsins og er auðsjáanlega mikil þörf hjá erlendum borgurum að kynna sér íslenskt fjármálakerfi.

### *Fjármálaleikarnir 2025*

Árleg netkeppni með fjölbreyttum fjármálaspurningum var haldin dagana 17.–

24. mars 2025 fyrir grunnskólanemendur. Vinningsskólinn sendir svo tvo nemendur og kennara til Brussel í Evrópukeppni í fjármálalæsi.

Grunnskóli Fjallabyggðar var sigurvegari Fjármálaleikanna 2025. Um 1.500 nemendur tóku þátt úr 40 grunnskólum víðs vegar af landinu. Samkeppni um sæti eykst með hverju árinu og er mikill metnaður innan skólanna að standa sig vel. Flestir nemendur sem taka þátt eru að skora hátt! Efstu sætin skipuðu: Grunnskóli Fjallabyggðar, Vogaskóli og Hlíðaskóli.



## ÁHÆTTUNEFND



### Helstu verkefni:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Huga að forsendum fyrir tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, eftir atvikum í samstarfi við réttindanefnd.
- Skipuleggja málstofur, námskeið og fræðslu.

### Sérstök verkefni 2024–2025:

- Rýni á tryggingafræðilega úttekt lífeyrissjóða og helstu forsendur matsins. Sérstök rýni á endurmatsreglu við mat á eignum lífeyrissjóða.
- Rannsóknir tengdar lífeyrismálum og samstarf við Rannsóknarstofnun lífeyrismála við Háskóla Íslands (PRICE).
- Leggja áherslu á loftslagsmál og áhrif á áhættumat lífeyrissjóða. Samræma

þarf upplýsingagjöf um losun fyrirtækja og unnið verður að því í samstarfi við nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.

- Rýni á gagnamál lífeyrissjóða og hvernig hægt er að auka skilvirkni í gagnaöflun og skýrslugjöf, m.a. til eftirlitsaðila. Jafnframt að huga að rannsóknum er viðkoma lífeyriskerfinu eftir atvikum í samstarfi við fleiri aðila s.s. háskólasamfélagið.

Öllum sem sinna áhættueftirliti sjóðanna er velkomið að taka þátt í störfum nefndarinnar.

### **Á starfsárinu sátu eftirtaldir fundi nefndarinnar:**

*Rebekka Ólafsdóttir*, formaður, Gildi – lífeyrissjóði,  
*Anna Karen Kristinsdóttir*, Gildi – lífeyrissjóði  
*Atli Arnarsson*, Gildi – lífeyrissjóði  
*Borghildur Jónsdóttir*, Lífeyrissjóði bænda  
*Edda Björk Agnarsdóttir*, LSR  
*Einar Már Birgisson*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Guðmundur Stefán Steindórsson*, SL lífeyrissjóði  
*Halldór Emil Sigtryggsson*, Lífeyrissjóði bankamanna  
*Magnús Helgason*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Ottó Hólm Reynisson*, Stapa lífeyrissjóði  
*Páll Ásgeir Björnsson*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Pétur Pétursson*, Íslenska lífeyrissjóðnum  
*Ragnheiður Helga Haraldsdóttir*, Brú lífeyrissjóði  
*Róbert Leó Sigurðsson*, Birtu lífeyrissjóði  
*Sigurður Örn Karlsson*, Almenna lífeyrissjóðnum  
*Styrmir Guðmundsson*, Gildi – lífeyrissjóði  
*Sveinn Friðrik Gunnlaugsson*, LSR  
*Sævarður Einarsson*, Birtu lífeyrissjóði  
*Trausti Hjaltason*, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja  
*Valgeir Geirsson*, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,  
Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ  
*Þorbjörn Sigurðsson*, Lífsverki  
*Þráinn Guðbjörnsson*, Festu lífeyrissjóði

### **Upplýsingar um sjóðfélaga af erlendum uppruna**

Sífelld fleiri sjóðfélagar eru búsettir erlendis og margir tilkynna ekki um brottflutning frá Íslandi. Í þeim tilvikum geta upplýsingar um andlát verið ófullnægjandi og skuldbindingar lífeyrissjóðanna því ofmetnar. Á árinu var stofnaður sameiginlegur vinnuhópur áhættu- og réttindanefndar um málefni sjóðfélaga af erlendum uppruna og komið var á samstarfi við TR til að bæta upplýsingar um andlát sjóðfélaga af erlendum uppruna eða Íslendinga sem eru búsettir erlendis. Í ljós kom að upplýsingar um andlát allmargra sjóðfélaga höfðu ekki skilað sér til lífeyrissjóðanna. Þetta einskorðast ekki einungis við lífeyrissjóðina og því hefur verið stofnaður vinnuhópur innan ráðuneytanna með þátttöku TR og Þjóðskrár.

Á vegum nefndarinnar hefur verið rætt um Evrotrust-skilríki til auðkenningar á erlendum sjóðfélögum. Til athugunar hefur verið að tengja íslenskar og erlendar kennitölur hjá sjóðfélögum af erlendum uppruna til að hægt sé að nota þessi skilríki hér á landi.

### **Umræðuskýrsla Seðlabanka Íslands um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði**

Seðlabankinn gaf út umræðuskýrslu um lífeyrissjóði á haustmánuðum og hafa ákveðin atriði sem þar

koma fram og varða málefnasvið áhættunefndar verið til umræðu. Margar góðar ábendingar eru í skýrslunni en annað er þess eðlis að það þarf nast nánari athugunar. Ávallt skal hafa í huga hver sérstaða íslenska lífeyriskerfisins er, m.a. m.t.t. fjármögnunar og langra skuldbindinga og hvað gerir íslensku lífeyrissjóðina ólíka bönkum, öðrum fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum á tryggingafélagsformi. Íslenska lífeyrissjóðakerfið er eitt það besta í heimi og er því nauðsynlegt að horfa til þess hvað þurfi að bæta áður en gripið er til aðgerða. Sjá frekari umfjöllun í kafla um umræðuskýrslu SÍ.

### **Skoðun á lögum um lífeyrissjóði**

Í áhættunefnd hefur verið rætt um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Rýnt hefur verið hvað þurfi að koma til svo unnt verði að draga úr magnbundnum takmörkunum en heimildir og skorður eru taldar óþarflega flóknar og hamlandi þrátt fyrir umboðsskylduákvæði og skynsemisreglu. Skorðurnar geta í einhverjum tilvikum verið skaðlegar út frá sjónarmiðum skynsemisreglunnar. Er því mikilvægt að rýna hvort og þá hvað kæmi í staðinn fyrir núverandi fjárfestingarheimildir. Rætt hefur verið um niðurstöður FSAP-úttektar AGS ásamt því að IORP II og Solvency II reglugerðir ESB hafa verið rýndar.



### Loftslagsáhætta

Í áhættunefnd var til umræðu dreifibréf frá Seðlabankanum er viðkemur loftslagsáhættu. Þar voru niðurstöður athugunar SÍ á stýringu lífeyrissjóða á loftslagsáhættu kynntar. Nefndin kom ábendingum sínum á framfæri við stjórn LL sem sendi í kjölfarið erindi til fjármálaeftirlits SÍ. Áhættusnið lífeyrissjóða er ólíkt því sem á við um bankastarfsemi og því mikilvægt að stýring loftslagsáhættu lífeyrissjóða taki mið af þessum mismun. Til stendur að eiga frekara samtal um málið við fulltrúa fjármálaeftirlits SÍ.

### Víxlverkun greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða

Umtalsverðar breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyri almannatrygginga taka gildi 1. september nk. Samhliða þessum

breytingum er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði lífeyrissjóðalaganna um víxlverkun greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða falli brott en það hefur verið í gildi frá árinu 2011. Mikilvægt er að finna málinu lausn en nokkuð ljóst þykir að ef ekkert verður aðhafst þá muni umræddar breytingar hafa veruleg áhrif á viðkvæman hóp sjóðfélaga.

### Endurmat skuldabréfa og tryggingafræðilegt uppgjör

Á vettvangi áhættunefndar hefur verið rætt um hvernig auka megi þekkingu og eftirlit innan lífeyrissjóðanna á forsendum við mat á tryggingafræðilegri stöðu og hvernig sjóðirnir geti fylgst betur með þróun skuldbindinga á milli árlegra uppgjöra á tryggingafræðilegri stöðu sem framkvæmd eru af tryggingastærðfræðingum

sjóðanna. Ákveðið var að stofna samstarfsvettvang með fulltrúum lífeyrissjóða og frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT). Á vegum nefndarinnar voru ýmis mikilvæg mál rædd sem þarfnast vinnu með fulltrúum FÍT, s.s. tryggingafræðilegt endurmat skuldabréfa. Samsetning eigna sjóðanna hefur breyst mikið frá því reglugerð um endurmat skuldabréfa tók gildi árið 1998 og þykir þörf á að endurskoða reglurnar, sérstaklega hvað varðar verðbólguálag og áhættuálag skuldabréfaflokka. Einnig hefur verið fjallað um hvað teljist eðlileg viðmiðunarávöxtun lífeyrissjóðanna í núverandi vaxtaumhverfi og hvort 3,5% raunávöxtun sé raunsætt viðmið til framtíðar.



### Sameiginleg rekstraráhætta

*Sviksemismál:* Áhættunefnd hefur fjallað um sviksemisáhættu og þykir gagnlegt að upplýsa um eðli þeirra sviksemismála sem upp hafa komið hjá sjóðunum. Þar sem lífeyrissjóðirnir styðjast við umsóknir frá hver öðrum og ekki er um samkeppnismál að ræða var ákveðið að taka slíka umræðu upp reglulega.

*Lífeyrisumsóknir og flutningur iðgjalda:* Þörf er á að bæta núverandi verklag við „stubbaflutninga“ milli sjóða en þeim fylgir mikil rekstraráhætta og handavinna. Rætt hefur verið um að skoða þurfi þessi mál í samhengi við önnur tækniþróunarverkefni sjóðanna, t.d. í tengslum við þróun skilagreina.

*Peningaþvætti:* Lífeyrissjóðirnir gætu lært hver af öðrum í eftirliti með peningaþvætti og bætt þar með vinnubrögð.

### Vextir Seðlabanka Íslands skv. 4. gr. laga nr. 38/2001.

Áhættunefnd tók til skoðunar hvernig SÍ stendur að ákvörðun almennra vaxta, skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. SÍ hefur tekið mið af þeim vöxtum sem lægstir eru á hverjum tíma sem geta hvort heldur verið fastir eða breytilegir vextir. Hefur þessi aðferðafræði sætt nokkurri gagnrýni og hafa LL og SFF sent erindi til SÍ og óskað álits frá Hagfræðistofnun HÍ á þeirri aðferðafræði sem beitt er.

### Stafrænn rekstrarlegur viðnámsþróttur fjármálamarkaðar, DORA o.fl.

Þann 30. september sl. stóðu áhættunefnd og fræðslunefnd LL fyrir kynningarfundum á DORA-regluverkinu en DORA tilheyrir stafrænum fjármálapakka ESB sem fyrst var kynntur árið 2020. Sjá nánari umfjöllun undir kafla um fræðslunefnd.



# Staðan og helstu áskoranir

## Áhugaverð skoðanaskipti við Seðlabankafólk

Seðlabankinn birti í október 2024 „umræðuskýrslu“ um starfsemi og umsvif lífeyrissjóða og draga má saman meginatriði skýrslunnar með því að nefna nokkrar kaflafyrirsagnir:

- Vöxtur, árangur en áskoranir.
- Skynsemisreglan ætti að vera ráðandi í fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.
- Samræma ætti eftir því sem við á lög um lífeyrissjóði og löggjöf um aðra eftirlitsskylda aðila á fjármálamarkaði.
- Skoða þarf heimildir lífeyrissjóða til afleiðuviðskipta og verðbréfalána.
- Eftirlit og útgáfu starfsleyfa ætti að færa til Seðlabanka Íslands.
- Bæta ætti umgjörð um tryggingafræðilegt mat og breytingar á áunnum lífeyrisréttindum.
- Treysta þarf rekstraröryggi lífeyrissjóðanna.

Bankinn fylgdi útgáfunni eftir með því að boða til fundar í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík 5. nóvember þar sem skýrsluhöfundar, fulltrúar lífeyrissjóðakerfisins og baklands þess í röðum

samtaka atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar skiptust á skoðunum.

Fulltrúar Seðlabankans og Landssamtaka lífeyrissjóða hafa í kjölfarið átt samtöl um tiltekin

efnisatriði máls og sendu Landssamtökin ítarlegt minnisblað, dags. 2. apríl, um helstu þætti Seðlabankaskýrslunnar til bankans, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og forystusveita heildarsamtaka á almennum vinnumarkaði.



**Pallborðsumræður á fundi í Safnahúsinu 5. nóvember 2024. Umræðustjórinn, Rósa Björk Sveinsdóttir, í ræðustóli. Þátttakendur í pallborðsumræðum sitjandi frá vinstri: Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri, Björk Sigurgísladóttir og Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjórar, Rebekka Ólafsdóttir, forstöðumaður hjá Gildi lífeyrissjóði og formaður áhættunefndar LL, Ólafur Páll Gunnarsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins og stjórnarmaður LL, og Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs og formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.**

Þann 8. apríl 2025 var haldinn fundur fulltrúa fjármálaeftirlits Seðlabankans, stjórnar Landssamtakanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða þar sem ýmis efnistökur umræðuskýrslunnar voru rædd nánar og skipst á skoðunum.

Margt ber á góma í þessum samtölum og minnisblöðum um lagaumhverfi og starfsemi lífeyrissjóða. Ágætur samhljómur er um margt en skoðanir skiptar um annað eins og gengur. Upp úr stendur hins vegar hve gott er og gagnlegt að skapast hafi vettvangur til rökræðna og skoðanaskipta um lífeyriskerfið.

Orð eru jafnan til alls fyrst. Umræðuskýrsla Seðlabankans reynist standa undir nafni sem kveikja nauðsynlegra og þarfra skoðanaskipta.



**Frá fundi 22. október 2024 með fulltrúum fjármálaeftirlits SÍ, stjórn LL, framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum sjóðanna.**



**Björk Sigurgísladóttir**



**Guðrún Finnborg  
Þórðardóttir**



**Gunnar Ingólfsson**



**Rúnar Guðmundsson**

## Grænbókin

Starfshópur var skipaður um grænbók um lífeyrissjóðakerfið. Verkefnið er umfangsmikið og mikil áskorun enda margt undir þegar fjallað er um stöðu lífeyriskerfisins, framtíðarstefnu, mögulegar breytingar á lögum um lífeyrismál, skyldutryggingu lífeyrisréttinda, séreignarréttindi og starfsumhverfi sjóðanna í viðmið samhengi. Í upphafi var gert ráð fyrir skilum á grænbók 1. desember 2023 en verkefnið hefur tafist og er hópurinn enn að störfum. Ætla má að verkefnið klárast á árinu 2025.

### Fulltrúar LL í þessari vinnu hafa verið:

*Þórey S. Þórðardóttir, LL*

*Ólafur Páll Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum*

### Hagtölur um lífeyrisréttindi

Í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Hagstofu Íslands hefur LL unnið að því að rýna hvernig bæta megi tölulegar upplýsingar um lífeyrisréttindi. Greiður aðgangur að upplýsingum um lífeyrisréttindi fólks á vinnumarkaði mun nýtast stjórnvöldum við mat á framtíðarþróun almannatryggingakerfisins, sem og aðilum vinnumarkaðarins, fræðimönnum og sérfræðingum lífeyrissjóða við að meta stöðu lífeyrissjóðakerfisins. Stefnt er að því að taka saman hagtölur um áunnin réttindi í samtryggingu,

lífeyrisgreiðslur og séreignarsparnað og að gögnin verði vistuð hjá Hagstofu Íslands.

### Fulltrúar LL í þessari vinnu hafa verið:

*Þórey S. Þórðardóttir, LL*

*Stefán Halldórsson, LL*

*Helga Rún Guðjónsdóttir, LL*

### Töluleg gögn á heimasíðu LL

Á heimasíðu LL undir Tölur og gögn má finna helstu tölulegar upplýsingar um lífeyrismál hér á landi. Gögnin byggja að mestu á tölum sem opinberar stofnanir hér á landi birta, m.a. Seðlabankinn, Hagstofan og Tryggingastofnun. Með nýjum gögnum um hagtölur um lífeyrisréttindi sem ráðgert er að Hagstofan taki saman er áætlað að upplýsingar á heimasíðu LL muni styrkjast enn frekar. Á enskum hluta heimasíðunnar má jafnframt finna helstu upplýsingar um íslensku lífeyrissjóðina undir Facts and Figures og eru upplýsingarnar þar einkum hugsaðar fyrir erlenda fræðimenn og sérfræðinga hjá erlendum stofnunum sem hafa áhuga á íslenska lífeyrissjóðakerfinu og leita eftir aðgengilegum upplýsingum á ensku.

Á vegum LL er starfræktur hagtöluhópur sem hefur það hlutverk að meta hvaða gögn eigi að birta á heimasíðunni og vinna að bættu aðgengi

að tölulegum gögnum. Ásta Ásgeirdóttir sem leitt hefur hópinn hefur látið af störfum hjá LL og hefur Helga Rún Guðjónsdóttir tekið við hennar starfi. Hópurinn hefur því ekki komið saman á starfsárinu.

### Hópin skipta:

*Helga Rún Guðjónsdóttir, LL*

*Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða*

*Þorkell Sigurgeirsson, LSR*

*Þór Egilsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna*

*Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna lífeyrissjóðnum*

Á heimasíðu LL undir Tölur og gögn eru jafnframt gröf sem hugsuð eru til fróðleiks fyrir almenning og stofnanir og er einnig ætlað að styðja við og efla upplýsta umræðu um lífeyrismál.

### Skilagrein.is

LL hafa undanfarið ár unnið ásamt stórum hópi sérfræðinga að endurskoðun á staðlaðri tæknilögreglu rafrænna skilagreina frá launagreiðendum til innheimtuaðila iðgjalda til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og stéttarféлага. LL eru eigandi lénsins skilagrein.is og hefur þjónustulausnin verið rekin með óbreyttu sniði síðan 2003. Reiknistofa lífeyrissjóða tók yfir rekstur þjónustunnar árið 2022. Í ljósi þróunar í tækni og miðlun upplýsinga er tímabært að endurskoða





Þetta fyrirkomulag og aðlagð að nútímaþörfum. Markmið verkefnisins er að tækniforskrift og þjónustulausn fyrir skilagreinar uppfylli nútímaþarfir hagaðila um leið og þess er gætt að framtíðar fyrirkomulag falli vel að hlutverki LL og auðveldi framþróun. Verkefnisstjórn yfir þessu verkefni var útvistað og var Sigurður Hjalti Kristjánsson ráðgjafi hjá Intenta ehf. fenginn til verksins.

#### **Stýrihópur:**

*Sigurður Hjalti Kristjánsson*, verkefnastjóri, Intenta ehf.  
*Anna Björk Sigurðardóttir*, LSR  
*Haraldur Arason*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Jón Egilsson*, Reiknistofu Lífeyrissjóða  
*Ragnheiður Jónasdóttir*, Brú Lífeyrissjóði  
*Þórey S. Þórðardóttir*, LL

Notendahópur greinir þarfir varðandi notkun og innihald skeyta og þjónustu á skilagrein.is.

#### **Hópin skipa:**

*Aðalheiður Þórðardóttir*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Anna Björk Sigurðardóttir*, LSR  
*Anna Lis Hjaltadóttir*, Gildi – Lífeyrissjóði  
*Elín Huld Árnadóttir*, Brú Lífeyrissjóði  
*Þóra Erlingsdóttir*, Birtu Lífeyrissjóði

Tæknihópur útfærir tæknilegar tillögur varðandi skeyti, vefþjónustur og miðlæga þjónustu, breytingarferli tækniforskrifta og tæknilega skjölun.

#### **Hópin skipa:**

*Björn Huldur Björnsson*, Devon  
*Gestur Svavarsson*, LSR  
*Ólafur Hrafn Nielsen*, Lífeyrissjóði verzlunarmanna  
*Óskar Ármannsson*, Reiknistofu Lífeyrissjóða  
*Styrmir Sigurjónsson*, Fuglum

# PRICE – Rannsóknastofnun lífeyrismála

Stofnfundur nýrrar Rannsóknastofnunar lífeyrismála, PRICE, og málþing var haldið 24. maí 2024 í Háskóla Íslands. Landssamtökin eiga aðild að stofnuninni ásamt Háskóla Íslands, Seðlabankanum og fjármála- og efnahagsráðuneytinu og styrkja reksturinn með ýmsum hætti.

PRICE er skammstöfun á enska heitinu Pension Research Institute Iceland.

Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og auka skilning á lífeyrismálum. Efna til samstarfs við erlenda fræðimenn, fá upplýsingar og hugmyndir

um skipan lífeyrismála í öðrum ríkjum og benda á mögulegar lausnir og úrbætur við þeim áskorunum sem lífeyrissjóðir á Íslandi standa frammi fyrir með rannsóknum, vinnustofum og ráðstefnuhaldi. Stofnuninni er ætlað að vera fræðasamfélag og samstarfsvettvangur innlendra og erlendra fræðimanna sem nýst getur við rannsóknir og greiningar á sviði lífeyrismála og stutt við framtíðarþróun íslenska lífeyriskerfisins.

Stjórnendur stofnunarinnar eru þeir Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, og Þorsteinn S. Sveinsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands.

**Á fyrsta starfsárinu stóð stofnunin fyrir eftirtöldum viðburðum:**

## Stofnfundur 24. maí:

J Michael Orszag, Global Research Director við ráðgjafafyrirtækið Willis Towers Watson, hélt fyrirlestur um rannsóknir á sviði lífeyrismála næstu tuttugu árin.

Orszag sat síðan í pallborði með Ástu Ásgeirsdóttur (Landssamtökum lífeyrissjóða), Svend Hougaard Jensen (Copenhagen Business School), Torben Andersen (Aarhus University) og Gylfa Zoëga (Háskóla Íslands) þar sem rætt var um stefnumörkun á sviði lífeyrismála.



**J Michael Orszag**



**Pallborð**

## Fyrirlestur 7. júní

Robert Z. Aliber, hagfræðiþrófessor emeritus við University of Chicago fjallaði um erlendar fjárfestingar lífeyrissjóða og óstöðugleika í peningakerfum heimsins. Á eftir ræddu Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, og Lúðvík Elíasson, yfirmaður rannsókna- og spádeildar Seðlabanka Íslands, um efni fyrirlestursins.



Gylfi Zoëga, Robert Z. Aliber, Már Guðmundsson og Lúðvík Elíasson.

## Vinnustofa um sparnað og lífeyrismál, 29.-31. ágúst

Haldin var vinnustofa í Héraðsskólanum á Laugarvatni þar sem innlendir og erlendir fræðimenn, félagar í stofnuninni og gestir, alls 21 þátttakandi, kynntu rannsóknir sem þeir vinna að sem lúta að lífeyrismálum, sparnaði, neysluhegðun og annarri

hegðun yfir ævina eins og vinnumarkaðspáttöku og barneignum.

## Ársfundur 7. nóvember

Andri Scheving, Jón Guðjónsson, Þorsteinn S. Sveinsson og Svend Hougaard Jensen fluttu erindi um rannsóknir sínar á sviði lífeyrismála.

## Fyrirlestur 5. desember

Olga Rajevska, lektor við Riga Stradins University í Lettlandi, fjallaði um lífeyriskerfi í

Eystrasaltsríkjunum og Póllandi og framtíðaráform innflytjenda á Íslandi.

## Fyrirlestur 19. desember

Sænski hagfræðingurinn Daniel Waldenström, Research Institute of Industrial Economics í Stokkhólmi, fjallaði um rannsóknir sína og nýtt komna bók um dreifingu auðs og ójöfnuð í heiminum.



Andri Sigmarsson



Jón Guðjónsson



Jón Guðjónsson og Gylfi Zoëga



Þorsteinn S. Sveinsson

# Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd

## PensionsEurope

Landssamtök lífeyrissjóða eru áheyrnaraðili að *PensionsEurope*, samstarfsvettvangi 25 samtaka lífeyrissjóða í 22 ESB- og EFTA-löndum. Þátttakan veitir rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra, svo sem málefnastarfi og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum ESB, og þátttöku í könnunum á vegum *PensionsEurope*.


Með aðild að samtökunum veitast LL tækifæri til að fylgjast með helstu stefnum og straumum varðandi lífeyrismál í nálægum löndum. Löggjöf og reglusetning ESB um lífeyrissjóði varðar Ísland í mörgum tilfellum beint enda er Ísland hluti af innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

## PensionsEurope

- Vinnur að því að efla, vernda og auka vitund um starfstengdan lífeyri og önnur eftirlaunaúrræði tengd atvinnulífi, sem eru rekin af félögum sem starfa einkum samfélagslega og eru virk á fjármálamörkuðum. Atvinnurekendur gegna oft mikilvægu hlutverki í starfstengdum lífeyriskerfum sem geta tekið á sig ólíkar myndir. Aðgerðir samtakanna taka mið af þróun á vinnumörkuðum og breytingum á áherslum varðandi starfshætti.
- Stuðlar að jafnvægi í lífeyriskerfum sem byggja á mörgum stoðum til að tryggja að hvert aðildarríki geti mótað sitt lífeyriskerfi í samræmi við pólitískar áherslur sínar um hlutverk ríkisins,

aðila vinnumarkaðarins og einstaklinga sem eiga réttindi í starfstengdum lífeyrissjóðum.

- Talar fyrir því að lífeyrissjóðir og sambærilegar stofnanir starfi sem ábyrgir fagfjárfestar sem stuðla að sjálfbærni, stöðugleika og hagvexti í evrópsku efnahagslífi og á fjármálamörkuðum.
- Vinnur að því að tryggja að evrópsk löggjöf styðji og valdi ekki skaðlegum áhrifum á starfstengda lífeyrissjóði og önnur atvinnulífsbundin eftirlaunakerfi og beitir áhrifum sínum til að draga úr neikvæðum áhrifum slíkra reglna svo hægt sé að tryggja öruggan, hagkvæman og fullnægjandi lífeyri.






*PensionsEurope* heldur svonefnda GAM fundi, (e. *General Assembly Meeting*), tvisvar á ári. Fulltrúi LL, Tómas N. Möller, situr fundina ásamt framkvæmdastjóra LL. Á þessum fundum eru kynningar og umræða um þau málefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma í lífeyrismálum. Nánari upplýsingar um *PensionsEurope* má finna á vef samtakanna: [www.pensionseurope.eu](http://www.pensionseurope.eu)

### Eignir lífeyrissjóða innan OECD • Árið 2023

Hlutfall af vergri landsframleiðslu



Heimild: OECD, Pensions at a Glance 2024

## Alþjóðleg lífeyrisvísitala Mercer

Íslenska lífeyriskerfið er í öðru sæti á eftir Hollandi í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu sem ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institute standa að. Ísland tók í fjórða sinn þátt í vísitölunni á árinu 2024 þar sem gerður er samanburður á lífeyriskerfum 48 ríkja. Ísland fékk A einkunn ásamt Hollandi, Danmörku og Ísrael. Í skýrslu Mercer gefur A-einkunn til kynna „*fyrsta flokks og öflugt lífeyriskerfi sem tryggir góð réttindi, er sjálfbært og sem traust ríkir um*“.

Lífeyrisvísitalan metur heildarlífeyriskerfi mismunandi landa út frá þremur meginþáttum; *sjálfbærni, nægjanleika og trausti* og var Ísland með A einkunn í öllum þremur meginflokkum.

Heildareinkunn Íslands í vísitölunni í ár var 83,4 stig. Um er að ræða óverulega lækkun frá fyrra ári en þá fékk Ísland einkunnina 83,5.

Þyngst vegur lækkun einkunnar fyrir liðinn nægjanleika lífeyris (úr 85,5 í 82,0). Má það rekja til lægra hlutfalls lífeyris af meðalævitekjum samkvæmt útreikningum OECD en á móti kemur nokkur hækkun vegna minni skuldsetningar heimila.

Einkunn fyrir liðinn sjálfbærni hækkar lítilega úr 83,8 í 84,3 sem rekja má til hagvaxtar á Íslandi en á móti kemur nokkur lækkun vegna vaxandi lífeyrisbyrði, þ.e. fjölgunar aldraðra og lengri meðalævi á meðan fæðingartíðni fer lækkandi.

Einkunn fyrir það hversu traust kerfið sé hækkar úr 80,0 í 84,4 vegna lagaákvæðis sem skyldar lífeyrissjóði til að veita nýjum sjóðfélögum auknar upplýsingar um helstu réttindi o.fl. Á móti kemur lækkun vegna lægri einkunnar Íslands í heimsvísitölu stjórnhátta sem Alþjóðabankinn reiknar út.

Mercer er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. CFA Institute eru óhagnaðardrífir samtök sem vinna að því að auka ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á alþjóðavísu. Mercer-lífeyrisvísitalan hefur verið gefin út í mörg ár og er öflugt tæki til að meta stöðu lífeyriskerfa í ýmsum löndum og fá úttekt á kerfunum frá hlutlausum aðilum. Aðilar að þátttöku Íslands eru Landssamtök lífeyrissjóða, Seðlabanki Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

### Mercer CFA Institute • Global Pension Index 2024



#### Holland

A- einkunn  
Stig: 84,8



#### Ísland

A- einkunn  
Stig: 83,4



#### Danmörk

A- einkunn  
Stig: 81,6

Íslenska lífeyriskerfið var í öðru sæti, á eftir Hollandi, í alþjóðlegum samanburði Mercer lífeyrisvísitölunnar.

Ábyrgar fjárfestingar og sjálfbærnimarkmið

Þróunin hefur verið hröð á sviði laga og reglna um ábyrgar fjárfestingar lífeyrissjóða. Er þar m.a. tekið mið af umhverfislegum og félagslegum þáttum og stjórnarháttum við fjárfestingarákvarðanir. Er þetta gert með það að markmiði að greina áhættu og tækifæri og skila þannig sjálfbærri ávöxtun til langs tíma. Ákveðið bakslag hefur átt sér stað vegna heimsmála en meðal íslenskra lífeyrissjóða virðist ríkja einhugur um mikilvægi þess að leggja áherslu á ábyrgar fjárfestingar.

Mercer lífeyrsvísitalan  
Grunnþættir

| Nægjanleiki<br>Adequacy                                                                                                                                                                     | Sjálfbærni<br>Sustainability                                                                                                                                                                          | Traust<br>Integrity                                                                                                                                                   |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"><li>■ Lífeyrir</li><li>■ Uppbygging kerfis</li><li>■ Sparnaður</li><li>■ Skattlagning</li><li>■ Hlutfall í eigin húsnæði</li><li>■ Vaxtareignir</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>■ Þátttaka</li><li>■ Eignir lífeyrissjóða</li><li>■ Aldurssamsetning þjóðar</li><li>■ Opinber útgjöld</li><li>■ Opinberar skuldir</li><li>■ Hagvöxtur</li></ul> | <ul style="list-style-type: none"><li>■ Lög og reglur</li><li>■ Stjórnarhættir</li><li>■ Réttindavernd</li><li>■ Upplýsingagjöf</li><li>■ Rekstrarkostnaður</li></ul> |

Meginmarkmið

Markmiðið með sjálfbærnilöggjöf ESB sem varðar stofnanafjárfesta er að tengja saman fjárfestingar við fjármögnun fyrirtækja í raunhagkerfinu sem byggja á sjálfbærum viðskiptamódelum. Einnig að auka traust á markaði, vinna gegn grænþvotti, auka neytendavernd og samþætta sjálfbærniþætti í fjármálaráðgjöf. Þessar reglur eru hluti af [aðgerðaáætlun ESB](#) frá árinu [2018](#), uppfærðri [2021](#), um fjármögnun sjálfbærs vaxtar innan sambandsins og þar með á Evrópska

efnahagssvæðinu og framkvæmd Græna sáttmála ESB frá árinu [2019](#). Til grundvallar liggja m.a. Parísarsáttmálinn frá árinu 2015 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun frá sama ári.

Innleiðing í íslenskan rétt

Liður í þessari vegferð var innleiðing flokkunarreglugerðar ESB (*EU Taxonomy*) og reglugerðar sambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (SFDR). Endurskoðun á SFDR er í vinnslu hjá ESB. Þetta regluverk ESB hefur nú að mestu verið innleitt í íslenskan rétt. Þessi misserin vinna lífeyrissjóðir að innleiðingu þess í starfsemi sína. Tilskipun ESB um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSDR) bíður innleiðingar hjá íslenskum stjórnvöldum og er gert ráð fyrir frumvarpi þess efnis á haustþingi 2025. LL munu áfram fylgjast með þróun þeirra mála. Þar er m.a. lögð áhersla á að þótt lífeyrissjóðir séu skilgreindir sem eining tengd almannahagsmunum í íslenskum rétti sé inntak CSRD og ESRS með þeim hætti að inntak þeirra falli ekki vel að eðli starfsemi íslenskra lífeyrissjóða og því regluverki sem þeir starfa eftir. Vel sé unnt að ná settu marki með öðrum hætti.

■ ■ ■



## Tilskipun ESB um réttindi og skyldur hluthafa.

Á yfirstandandi þingi er ráðgert að innleiða tilskipun ESB nr. 20217/828 um réttindi og skyldur hluthafa, einkum stofnanafjárfesta, sem og tilteknar skyldur hlutafélaga. Meðal atriða má nefna áherslu á eigendahlutverk, langtímasýn, hluthafastefnur, starfskjarastefnur, viðskipti tengdra aðila og beitingu áhrifa fjárfesta yfir landamæri innan EES svæðisins. LL hafa fundað með stjórnvöldum vegna málsins og komið sjónarmiðum lífeyrissjóða vaðandi innleiðinguna á framfæri. Viðbúið er að framhald verði á þeim samskiptum.

## EU Omnibus – Hvað er nú það?

EU Omnibus<sup>1</sup> var kynnt af framkvæmdastjórn ESB 26. febrúar 2025. Felur það í sér nokkuð yfirgripsmikið lagafrumvarp frá framkvæmdastjórn sem miðar að því að endurskoða og einfalda gildandi regluverk tengt sjálfbærniupplýsingagiöf og ábyrgð fyrirtækja. Hins vegar er það ekki eingöngu einföldun þar sem færð hafa verið rök fyrir því að í því felist einnig nokkuð umfangsmikil afregluvæðing, (e. deregulation), sem getur haft áhrif á aðgengi fjárfesta að áreiðanlegum og

stöðluðum upplýsingum, sérstaklega í samhengi við reglur eins og SFDR. Íslenskir lífeyrissjóðir falla undir gildissvið SFDR og ber þannig að meginstefnu til að greina sjálfbærniáhættu í eignasöfnum sínum með formlegum hætti og miðla þeim upplýsingum til sjóðfélaga (endafjárfesta). Gangi tillögur sem felast í „Omnibus“ eftir óbreyttar gæti það gert fjárfestum, þar á meðal lífeyrissjóðum, erfiðara fyrir að meta sjálfbærniáhættu við fjárfestingarákvarðanir.

Frumvarpið fer nú í lagasetningarferli hjá ESB þar sem Ráðherraráðið og Evrópuþingið koma að vinnslu málsins. Brýnt er að fylgjast áfram náið með þróun þessara mála.

Hér skiptir ekki eingöngu máli þróun innan ESB og þar með evrópska efnahagssvæðisins heldur einnig alþjóðleg þróun. Þar má m.a. nefna nýja staðla um sjálfbærniupplýsingar sem settir hafa verið á vettvangi Alþjóða reikningsskilaráðsins, nánar tiltekið af ISSB<sup>2</sup> (e. International Sustainability Standards Board). ISSB hefur þegar gefið út tvo staðla:

- IFRS S1: Almenn skýrslugjöf um sjálfbærnitengdar fjárhagsupplýsingar.
- IFRS S2: Skýrslugjöf um loftslagsáhættu, í samræmi við viðmið TCFD (e. Task Force on Climate-related Financial Disclosures).

ISSB er jafnframt að þróa frekari staðla um aðra sjálfbærnipætti fyrirtækja sem geta haft áhrif á upplýsingagiöf fyrirtækja og þar með möguleika lífeyrissjóða á að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir. Innleiðing staðla ISSB byggir á ákvörðun hvers ríkis fyrir sig. Þeir hafa nú þegar verið innleiddir í nokkrum ríkjum utan ESB og unnið er að innleiðingu þeirra með einum eða öðrum hætti í fjölda ríkja. Þessi þróun skiptir máli fyrir íslenska lífeyrissjóði sem eru með umfangsmikil eignasöfn fyrir utan ESB. Þá verður fróðlegt að fylgjast með hvort þessi þróun muni hafa einhver áhrif eða fléttast inn í áherslur varðandi upplýsingagiöf evrópskra fyrirtækja í kjölfar niðurstöðu Omnibus. Hér er ýmsum spurningum enn ósvarað og vert að fylgast vel með næstu misserin.

1 [https://commission.europa.eu/news/commission-proposes-cut-red-tape-and-simplify-business-environment-2025-02-26\\_en](https://commission.europa.eu/news/commission-proposes-cut-red-tape-and-simplify-business-environment-2025-02-26_en)

2 <https://www.ifrs.org/groups/international-sustainability-standards-board/>

# Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

**Helstu fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.**

**2024** ■ ■ ■

**28. maí:** Aðalfundur LL 2024 á Grand hóteli. Fundurinn var að meginstefnu staðfundur en einnig var unnt að fylgjast með í streymi. Atkvæðagreiðsla var einungis á staðnum. Að aðalfundarstörfum loknum flutti Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, erindi þar sem hann gerði grein fyrir helstu verkefnum rannsóknarstofnunar um lífeyrismál (PRICE) og fór yfir framtíðarsýn á verkefni stofnunarinnar.

**15. ágúst:** Fulltrúar LL áttu fund með lánshæfismatsfyrirtækinu Moody's.

**22. ágúst:** Fundur var haldinn með ráðuneytisstjórum fjármála- og efnahagsráðuneytis og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis auk sérfræðinga frá báðum ráðuneytum þar sem farið var yfir breytingar á almannatryggingalöggjöfinni og tengd málefni.

**23. ágúst:** Vinnufundur nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða (NUFL). Verkefni fundarins var að nálgast svar við spurningunni: Hvernig vinnur nefndin á skilvirkan hátt að markmiðum sínum?

**28. ágúst:** Haldinn var fundur fulltrúa Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og LL þar sem því var m.a. velt upp með hvaða hætti væri unnt að auka samstarf FÍT og LL.

**4.-5. september:** Vinnu- og stefnumótunarfundur LL var haldinn á Hótel Hamri, Borgarfirði. Fundinn sátu auk stjórnarmanna formenn fastanefnda og starfsmenn LL. Áhersla fundarins var á að yfirfara verklag, skýra áherslur og móta stefnu til framtíðar. Haldin var vinnustofa undir stjórn Kristins Hjálmarssonar og Láru Kristínar Sveinsdóttur. Verkefni nefnda og skrifstofu LL voru krufin og var afurð fundarins skýrar áherslur og markviss aðgerðaráætlun.

**16. september:** Kynningarfundur um samþætt sérfræðimat var haldinn á Grand hóteli. Umtalsverðar lagabreytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyri almannatrygginga taka gildi 1. september 2025. Samkvæmt þeim breytingum verður innleitt samþætt sérfræðimat sem er heilðrænt mat á getu einstaklinga til virkni á vinnumarkaði.

**30. september:** LL stóðu fyrir kynningarfundum um kröfur sem viðkoma innleiðingu á regluverki DORA o.fl. DORA tilheyrir stafrænum fjármálapakka ESB og snýr sérstaklega að stafrænum og rekstrarlegum viðnámsþrótti á fjármálamörkuðum.

**4. október:** LL tóku á móti finnskum sérfræðingum sem komu til landsins til að kynna sér íslenska lífeyrissjóðakerfið. Framkvæmdastjóri og



formenn fastanefnda LL ásamt Tómasi N. Möller, lögfræðingi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, héldu kynningu þar sem farið var yfir helstu þætti íslenska lífeyrissjóðakerfisins og í kjölfarið sköpuðust áhugaverðar umræður.

**9. október:** Haldinn var kynningar- og umræðufundur með framkvæmdastjórum, lykilstarfsmönnum og fulltrúum stjórna sjóðanna þar sem formenn fastanefnda LL gerðu grein fyrir helstu verkefnum sérhverrar nefndar. Fundurinn var haldinn á Natura hóteli og þótti takast vel.

**9. október:** Í Kauphöll Íslands var bjöllunni hringt á táknrænan hátt til að vekja athygli á mikilvægi fjármálalæsis.

**22. október:** Kynning fjármálaeftirlits SÍ á stöðu loftslagsáhættu hjá lífeyrissjóðum.

**22. október:** Fulltrúar fjármálaeftirlits SÍ mættu á fund stjórnar LL og var framkvæmdastjórum og lykilstarfsmönnum sjóðanna boðið að sitja fundinn. Fundurinn var haldinn á Grand hóteli. Björk Sigurgísladóttir varaseðlabankastjóri fór yfir helstu áherslur í eftirliti, Berglind Helga Jónsdóttir rakti sýn eftirlitsins við mat á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og Gísli Óttarsson benti á æskilegar endurbætur er viðkoma upplýsingagjöf til sjóðfélaga samtryggingardeilda.

**23. október:** Fræðslufundur um skattareglur og áhrif tvísköttunarsamninga. Elín Margrét Þráinsdóttir, deildarstjóri í alþjóðlegri skattlagningu og upplýsingaskiptum á álagningarsviði Skattsins, hélt erindi undir heitinu Fræðsla um skattareglur og áhrif tvísköttunarsamninga á sjóðfélaga lífeyrissjóða sem búsettir eru erlendis.

**5. nóvember:** Seðlabankinn hélt kynningar- og umræðufund í tilefni af útgáfu sérriðs bankans um umsvif lífeyrissjóða á fjármálamarkaði og æskilegar umbætur á löggjöf um lífeyrissjóði. Fulltrúar lífeyrissjóða, vinnumarkaðarins og annarra stjórnvalda sóttu fundinn sem haldinn var í Safnahúsinu í Reykjavík.

**7. nóvember:** Kynningarfundur um helstu starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins með áherslu á þær breytingar sem taka gildi 1. september 2025 á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfi almannatrygginga. Huld Magnúsdóttir forstjóri hélt erindi ásamt fleiri starfsmönnum TR.

**27. nóvember:** LL stóðu í samstarfi við Mannauð – Félag mannauðsfólks á Íslandi að málstofu um verðmæti lífeyrissjóðsréttinda með áherslu á skipulag starfsloka. Málstofan var haldin á Grand hóteli og fluttu sérfræðingar úr ýmsum áttum fjölbreytt erindi. Farið var yfir íslenska lífeyrissjóðakerfið og einnig kynntar reynslusögur frá mannauðsdeildum fyrirtækja.

## 2025 ■ ■ ■

**16. janúar:** Fræðsla um lífeyriskerfið og peningaþvætti. Fjarfundur þar sem Eggert Ármannsson, lögfræðingur hjá héraðssaksóknara á skrifstofu fjármálgreininga lögreglu, hélt erindi undir yfirskriftinni Lífeyrissjóðir og peningaþvætti. Fundurinn var vel sóttur af starfsfólki lífeyrissjóða sem fékk færi á að styrkja þekkingu sína á peningaþvætti og þeim ógnum sem ber að varast.

**28. janúar:** Málstofa um samskipti fjárfesta og stjórna félaga var haldin á Grand hóteli og var einnig í streymi. Málstofan var vettvangur skoðanaskipta fjárfesta og stjórnenda félaga um hvernig æskilegt sé að haga stefnumörkun og samskiptum þeirra á milli. Frummælendur komu úr ýmsum áttum og



miðluðu þekkingu sinni og reynslu úr ýmsum greinum atvinnulífsins, háskólasamfélagsins og lífeyrissjóðakerfisins. Mikill áhugi var á málstofunni og sóttu hana um 160 manns. Þótti takast vel til og fékk málstofan talsverða umfjöllun fjölmiðla sem fjalla um málefni viðskiptalegs eðlis.

**26. febrúar:** Sameyki, stéttarfélag í almannapjónustu, hélt fræðslufund um lífeyrismál fyrir meðlimi í Lífeyrisdeild og formenn aðildarfélaga BSRB. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Anna Björk Sigurðardóttir, sviðstjóri lífeyrissviðs LSR, og Þóra Jónsdóttir, sviðstjóri réttindasviðs Brúar lífeyrissjóðs, fluttu fræðsluerindi á fundinum.

**8. apríl:** Kynningar- og umræðufundur með fulltrúum fjármálaeftirlits SÍ var haldinn á Reykjavík Natura hóteli. Stjórn LL, framkvæmdastjórar og lykilstarfsmenn sjóðanna sátu fundinn. Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, fór yfir áherslur og forgangsmál eftirlitsins, Guðrún Finnborg Þórðardóttir verkefnastjóri var með erindi um aukna áherslu á fræðslu, Gunnar Ingólfsson áhættusérfræðingur hélt erindi um skynsemisregluna og innra eftirlitskerfi. Rúnar Guðmundsson, ráðgjafi á skrifstofu bankastjóra, fór yfir nokkur valin atriði úr umræðuskýrslu SÍ sem unnt væri að vinna að án lagabreytinga. Í kjölfarið sköpuðust gagnlegar umræður. Fundinum lauk með sameiginlegu innleggi Bjarkar Sigurgísladóttur og Gísla Óttarssonar, framkvæmdastjóra varúðareftirlits, um framkvæmd sjálfsmata og dreifibréfa þar sem því var velt upp hvernig nota ætti leiðbeinandi og vægari eftirlitstæki.

**29. apríl:** Fulltrúar LL áttu fund með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

**20.-23. maí:** Félagsmálaskóli alþýðu stóð í samstarfi við LL fyrir undirbúningsnámskeiði fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats fjármálaeftirlits SÍ.



# LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða · Guðrúnartúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 563 6450 · Kt. 450199-2069 · ll@ll.is

[www.lifeyrismal.is](http://www.lifeyrismal.is)